



Íslamska ríkið
Skuggamynd fortíðar

Arna Vala Eggertsdóttir og Regína Ragnarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið

Júní 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Íslamska ríkið
Skuggamynd fortíðar

Arna Vala Eggertsdóttir og Regína Ragnarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði
Leiðbeinandi: Kristján Þór Sigurðsson

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Arna Vala Eggertsdóttir, Regína Ragnarsdóttir 2015

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2016

Formáli

Þessi ritgerð var unnin á vorönn 2016 við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði. Frá því að við hófum nám við Háskóla Íslands fyrir þremur árum hefur umræðan um Íslamska ríkið farið vaxandi. Fjölmiðlar hafa hingað til keppt við að fjalla um samtökin með það markmiði að hræða almenning án þess þó að vita nákvæmlega hvar, hvernig og af hverju samtökin eru og starfa eins og þau gera í dag. Samstarf okkar tveggja gekk mjög vel og útkoman í samræmi við það. Við viljum þakka leiðbeinanda okkar Kristjáni Þór Sigurðsson fyrir frábært samstarf, góða hvatningu, þolinmæði og fyrir að vera alltaf til staðar þegar við þurftum á honum að halda. Við viljum einnig þakka honum fyrir að marglesa yfir ritgerðina og koma með góðar ábendingar sem komu að mjög góðum notum. Að lokum viljum við þakka fjölskyldum okkar fyrir að hafa staðið þétt við bakið á okkur og hvatt okkur áfram þegar við þurftum á henni að halda, fyrir það verðum við alltaf þakklátar.

Útdráttur

Íslamska ríkið var stofnað árið 2014 og hafa samtökin farið ört stækkandi síðan. Markmið samtakanna er að stofna Kalífaríki þar sem heimur múslíma er hugsaður sem eitt. Meðlimir samtakanna eru að mestu leyti súnní múslímar en þó hafa einstaklingar úr öllum áttum heimsins lagt leið sína til Sýrlands til að ganga til liðs við samtökin. Þó að Íslamska ríkið sé frekar nýtt af nálinni eiga samtökin sér langan aðdraganda. Mikið hefur verið skrifað um Íslamska ríkið og hafa vestrænir fjölmiðlar spilað þar stórt hlutverk. Í ritgerðinni skoðum við og leggjum hvað mesta áherslu á fyrirbærið Íslamska ríkið, hvaðan það kemur og hvers vegna. Af hverju samtökin kenna sig við ríki og hver munurinn á Íslamska ríkinu og öðrum róttækum öfgahópum er verða gerð skil á. Hugtakið *jihad* er gegnumgangandi í verkinu en þar sem talað er um Íslamska ríkið er oftast minnst á *jihad*. Fjölmiðlar eiga það til að skilgreina það á annan hátt en það þýðir í raun og veru en erfitt getur verið að útskýra það á einn skýran hátt og til að mynda vilja meðlimir samtakanna meina að hugtakið hafi aðra merkingu en það gerir. Þar sem Íslamska ríkið er nýtt fyrirbæri og er að gerast á þeim tíma sem ritgerðin er skrifuð er erfitt að festa reiður á því, allt getur verið breytt á morgun.

Abstract

The Islamic state was established in the year 2014, and the organization has grown rapidly since then. Their goal is to build an Caliphate. Members of the organization are mostly sunni muslims but a lot of foreigners are leaving their country's to join the Islamic state. While the Islamic state is a relatively new phenomenon, there is a long story behind it. A lot has been written about the Islamic state for the past years but most of it has been written by journalists. In this essay we focus on Islamic state, where it comes from and why. We will also look at why this organization calls itself a state, and we look at the differences between Islamic state and other radical extremist groups. The concept jihad has been debated among terrorists and others. Both journalists and the members of the organization have misinterpreted the concept, but in this essay we will do our best to define it historically. The Islamic state is brand new phenomenon, and is happening right now so it is hard to put finger on it, because everything could change tomorrow.

Inngangur

Í eftirfarandi ritgerð verður fjallað um Íslamska ríkið, hvernig samtökin starfa, markmið þeirra og hvernig slík samtök verða til. Vegna óstöðugs ástands í Miðausturlöndum síðustu ár hefur Íslamska ríkið náð þar fótfestu, og stjórnar nú stórum svæðum í Írak og Sýrlandi og vilja teygja sig víðar. Samtökin vinna meðal annars að því markmiði að stofna til Kalífaríkis, þar sem ríki múslíma er hugsað sem eitt. Samtök, líkt og Íslamska ríkið, verða ekki til á einni nóttu. Til þess að skilja ástæður fyrir því að slík samtök starfi þarf að skoða söguna á bakvið þau. Sagan nær langt aftur í tímann og atburðir sem áttu sér stað fyrir mörgum áratugum síðan hafa haft mun meiri áhrif en okkur óraði fyrir.

Íslamska ríkið var formlega stofnað árið 2014 og hefur farið ört stækkandi síðan. Út um allan heim eru samtökin fordæmd, meðal annars af ríkisstjórnnum, trúarleiðtogum og almenningi. Meðlimir samtakanna eru súnní múslímar en auk þeirra hefur fjöldinn allur af erlendum einstaklingum gengið til liðs við Íslamska ríkið. Þessir erlendu stríðsmenn hófu flestir för sína í átt að samtökunum í gegnum internetið en samskiptamiðlar spila stórt hlutverk hjá Íslamska ríkinu. Mannfræðingurinn Scott Atran hefur rannsakað Íslamska ríkið ítarlega og hélt ræðu um samtökin og meðlimi þess á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þar sagði hann frá ástæðum þess að ungt fólk fer frá heimalandi sínu og gengur til liðs við Íslamska ríkið. Meginmarkmið ritgerðarinnar er að sýna fram á hvernig Íslamska ríkið varð til og hvernig það starfar auk þess að skoða hverjir eru meðlimir samtakanna og af hverju fólk fer frá heimalöndum sínum og gengur til liðs við Íslamska ríkið.

Í byrjun verður hugmyndafræði Íslamska ríkisins skoðuð og þar greinum við frá markmiðum og aðferðum samtakanna auk þess að hafa kenningarlega umfjöllun. Kenningar spila stórt hlutverk og við höfðum kenningu Edward Said um orientalisma til hliðsjónar. Kenning hans fjallar í stuttu máli um þau skil sem gerð hafa verið á milli austurs og vesturs, en mikið hefur verið fjallað um það í mannfræði. Einnig verður fjallað um kenningu mannfræðingsins Franz Boas en hann var upphafsmaður menningarlegrar afstæðishyggju í mannfræði. Okkur fannst menningarleg afstæðishyggja mikilvægur vinkill við gerð þessarar ritgerðar þar sem við höfðum það að leiðarljósi að skrifa hana með ógagnrýnni hugsun og skoða allar hliðar málsins. Til þess að skilja hvernig samtök líkt og Íslamska ríkið varð til þurftum við að fara aftur í tímann og rekja söguna til frönsku byltingarinnar. Auk þess

skoðum við stríð og hryðjuverk en fræðimennirnir Talal Asad og Charles Townshend hafa rannsakað og velt þeirri spurningu upp hvort munur sé þar á.

Í kafla tvö fjöllum við um það hvað Íslamska ríkið er og skoðum samtökin, bakgrunn þess og skipulag. Samtökin eiga rætur sínar að rekja til innrásar Bandaríkjamanna í Írak árið 2003. Ástæða þeirrar innrásar voru hryðjuverkaárásir sem Bandaríkin höfðu orðið fyrir að hálfu Al Kaída hryðjuverkasamtakanna sem flestir þekkja. Fremstur í flokki hjá Al Kaída var Osama Bin Laden. Ástæðan fyrir því af hverju Íslamska ríkið kennir sig við ríki verður könnuð og til þess að svona samtök geti gengið þá þarf fjármagn og á því verða gerð skil.

Í þriðja kafla skoðum við meðlimi samtakanna og hverjar eru ástæðurnar fyrir því að einstaklingar ganga til liðs við Íslamska ríkið. Við nánari skoðum kemur í ljóð að liðsmenn samtakanna koma úr öllum áttum, með ólíkan bakgrunn og úr öllum stéttum samfélaga. Íslamska ríkið notfærir sér alla þá nútímatækni sem stendur þeim til boða. Samtökin vilja því fá til sín ungt fólk sem þekkja lífið ekki án tölvu og internets og því má segja margir liðsmenn þeirra tilheyri tæknikynslóð 21. aldarinnar og séu hluti af stafrænni hnattvæðingu.

Að lokum gerum við samanburð á Íslamska ríkinu og öðrum herskáum öfgahópum, til að mynda Al Kaída, Boko Haram, aðskilnaðarhreyfingu Baska og Rauðu Khmerarnir. Þar kemur í ljós að samtök líkt og þessi hér að ofan tengjast ekki einungis trúarbrögðum og Miðausturlöndum. Markmið þessara samtaka geta verið misjöfn og þau störfuðu öll í mismilangan tíma. Síðast en ekki síst verður fjallað um það hvert Íslamska ríkið stefnir og hvað það er sem knýr samtökin áfram.

Áður en við hófum það ferðalag að skrifa þessa ritgerð um Íslamska ríkið var kunnátta okkar um samtökin einungis það sem við höfðum lesið og séð í fjölmiðlum. Við vildum kafa dýpra og lesa um hina hlið málsins, það sem ekki kemur fram í fjölmiðlum, það eru einmitt þeir sem taka þátt í áróðri samtakanna því hræðsla er það sem Íslamska ríkið nærast á. Okkur finnst því ákveðinn skortur á upplýstri umræðu um samtökin og við viljum því reyna að svara spurningunni „Hvað er Íslamska ríkið?“. Þessi ritgerð er okkar innlegg í annars þarfa umræðu um samtökin sem hræða nú mest alla heimsbyggðina.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Útdráttur	4
Abstract	5
Inngangur	6
Efnisyfirlit	8
1. Hugmyndafræði IS	9
1.1 Markmið og aðferðir	9
1.2 Oríentalismi, íslamófóbía og menningarleg afstæðishyggja	10
1.3 Byltingarhugmyndir og íslamismi	13
1.4 „Terror“ og „terrorismi“	16
1.5 Ritningin og lögin	18
2. Hvað er Íslamska ríkið?	20
2.1 Samtökin	20
2.2 Bakgrunnur IS	20
2.3 Baklandið	23
2.4 Skipulag IS	24
2.5 Af hverju ríki?	25
2.6 Fjármögnun IS	26
3. Meðlimir IS	27
3.1 Að ganga til liðs við IS	27
3.2 Hvers vegna?	29
3.3 Hlutur tækninörda – stafræn hnattvæðing	29
4. Samanburður við aðra herskía öfgahópa	32
4.1 Al Kaída	32
4.2 Boko Haram	33
4.3 Aðskilnaðarhreyfing Baska (ETA)	33
4.4 Rauðu Khmerarnir	34
4.5 Framtíð IS	34
Heimildaskrá	39

1. Hugmyndafræði IS

1.1 Markmið og aðferðir

Þann 1. júlí 2014 birtist hljóðupptaka á veraldavefnum þar sem forsprakki og sjálfkjörinn leiðtogi Íslamska ríkisins, Abu Bakr al-Baghdadi, tilkynnti að samtökin væru hið nýja Kalífat (Atwan, 2015). Kalífat er fyrst og fremst pólitísk stofnun, eins og Ottómanveldið var hér áður fyrr og gert verður grein á síðar. Stjórnandi samfélagsins kallast kalíf en upphaflega átti hann að vera eftirmaður Múhameðs og hefur því verið kallaður umboðsmaður Múhameðs í heiminum. Stjórnarumdæmi kalífans kallast Kalífat (Þórhallur Heimisson, 2014). Í ræðunni hvatti al-Baghdadi alla múslíma til þess að leggja land undir fót og ganga til liðs við Íslamska ríkið. Í ræðunni var dreginn upp rómantísk mynd af Íslamska ríkinu þar sem al-Baghdadi talaði um að allir meðlimir þess væru systkini, óháð húðlit og trúarskoðunum (Atwan, 2015).

Á mjög stuttum tíma, eða á innan við tveimur árum hafði Íslamska ríkið náð valdi yfir stórum landsvæðum sem og milljónum manna. Svæðin sem þeir hafa lagt undir sig svipar til stærðar Stóra-Bretlands, og þeir fremja hrottafengin ódæðisverk bæði í Miðausturlöndum og annarstaðar. Aðferðin sem Íslamska ríkið notast á við í sínum aðgerðum er ný á nálinni og markmið hennar er að valda sem mestum skaða (Atwan, 2015).

Íslamska ríkið er frábrugðið öðrum sambærilegum hópum þar sem hópurinn hefur náð að laða til sín erlenda liðsmenn frá hinum ýmsu löndum. Samtökin búa yfir stærsta og fjölbreyttasta herliði sem ekki er á vegum þjóðríkis, frá því á seinni heimstyrjöldinni (Atran, 2015a).

Á þeim svæðum sem Íslamska ríkið hefur komið sér fyrir er það nánast daglegt að á það séu gerðar árásir. Þessar árásir eru gerðar á jörðu niðri af innri öflum, það er að segja af stjórnarher Assad Sýrlandsforseta og af Kúrdum, sem og með loftárásum af ytri öflum, þar á meðal af Rússum, Bretum, Frökkum og Bandaríkjamönnum. Þrátt fyrir allar þessar árásir þá virðast þær bera lítinn sem engan árangur. Árásirnar virðast aftur á móti hvetja liðsmenn Íslamska ríkisins áfram og þeir virðast fá fleiri með sér í lið eftir því sem fleiri sprengjur á þá falla. Því sterkari sem viðbrögðin verða í garð múslíma í Evrópu, og þeim mun meiri sem afskiptasemi og hernaðaráætlanir Vesturlanda í Miðausturlöndum aukast, því meira knýr það Íslamska ríkið áfram. Loftárásir haldast í hendur við níð í garð múslíma og þar af leiðandi

hagnast samtökin á því að Vesturlönd séu í stríði við íslam. Samtökin nærast á ringulreið og þau finna sífellt nýjar leiðir til þess að herja á svæðin (Atran, 2015b).

Útum allan heim hafa komið fram róttækir og öfgafullir hópar sem byggja á til dæmis, kynþáttafordómum, gyðingahatri, íslamófóbíu og almennu útlendingahatri. Þessir hópar hafa það að markmiði að losa sig við óæskilega aðila og áhrif. Það er hægt að segja að Íslamska ríkið sé einn af slíkum hópum þar sem markmið þess er að hreinsa vestræn áhrif og menningu úr múslímskum samfélögum. Samtökin vilja jafnframt hreinræktað ríki og fyrirlíta þá fjölmenningu og hnattvæðingu sem einkennir nútímasamfélög (Fawaz, 2015).

1.2 Orientalismi, íslamófóbía og menningarleg afstæðishyggja

Árið 1978 gaf Edward Said, paletínsk/bandarískur prófessor í bókmenntafræði, út bókina *Orientalism*. Í þeirri bók setur hann fram útskýringu á því hvernig *austrið* varð til. Samkvæmt því sem Said skrifar þá kemur fram að Evrópa hafi stillt sér upp á móti austrinu eins og andstæðu til að styrkja sjálfsmynd sína og efla sig. Í framhaldi af því urðu hugtökin *við* og *hinir* sýnileg. Innan austursins er mikill menningarlegur fjölbreytileiki og þar er að finna elstu, ríkustu og stærstu nýlendur Evrópulanda (Said, 1978). Á milli Vesturlanda og Austurlanda er samband sem er byggt á valdi og það er líkt og Vesturlönd hafi visst forræði yfir Austurlöndum. Hér áður fyrr ferðuðust fræðimenn frá Vesturlöndum til Austurlanda og rannsökuðu þá framandi menningu sem við þeim blasti og skrifuðu um það hversu mikið þeim þótti ríkin, innan Austurlanda, vera vanþróuð. Þeir rannsökuðu því *hina* sem þóttu framandi og öðruvísi en *við*, íbúar Vesturlanda (Said, 1978).

Skilgreiningar á oríentalisma eru margar en Said sagði að kenningin væri ákveðin hugsun þar sem veru- og þekkingarfræði séu undirstaðan og það sé það sem greinir Vesturlönd frá Austurlöndum. Vesturlandabúar hafa búið til staðalímyndir á Austurlandabúa og byggjast þær ímyndir á andstæðum. Það sem er venjan á Vesturlöndum hlýtur að vera gert öfugt í austrinu. Fræðimenn, hvort sem þeir eru sagnfræðingar, mannfræðingar eða félagsfræðingar, sem hafa rannsakað og skoðað austrið á einhvern hátt eru oríentalistar. Flestir fræðimenn í dag reyna að aðskilja ekki vestrið og austrið þar sem skilin á milli þeirra eru óljós og aðskilnaðurinn sé hluti af nýlendustefnunni frá 18. og 19. öld. Það eru þó enn margir rithöfundar, ljóðskáld, hagfræðingar og heimspekingar sem enn láta bera á oríentalisma í verkum sínum (Said, 1978). Sú landfræðilega skipting á milli vesturs og austurs

hefur þróast með tímanum og sagan sem við mannfólkið skrifum sjálf hefur búið til orientalisma.

Öll þau átök sem eiga sér stað í heiminum tengjast á einn eða annan hátt og utanaðkomandi áhrif eru alltaf til staðar. Atburðir verða alltaf að vera skoðaðir út frá menningar- og sögulegu samhengi og út frá félags- og efnahagslegum þáttum. Bandaríkin og Evrópa vilja ráða yfir austrinu og auðlindum þess og nota til þess hernaðarlegar og pólitískar aðferðir (Said, 1978). Orientalismi sýnir að í samskiptum Vesturlanda og Austurlanda ríkir valdabarátta sem einkennist af aflsmuni. Vesturlönd hafi þurft að búa til *hina* til þess að þeir virkuðu stærri og meiri og þannig upphefja sjálfa sig á kostnað austursins (Said, 1978).

Á svipaðan hátt eru við og hinir til umfjöllunar í bók fræðimannsins Thomas Hylland Eriksen, *Ethnicity and nationalism* (2010a). Hann telur að þessi hugtök séu lýsandi fyrir samskipti og tengsl milli etnískra hópa sem eru ólíkir. Við búum til staðalímyndir því að það mun hjálpa til við að skilgreina þann flókna og margþætta félagslega veruleika sem við lifum og hrærumst í. Með því að búa til staðalímyndir þá sé auðveldara að staðsetja og skilgreina stöðu okkar í samfélaginu þegar við berum aðra saman (Eriksen, 2010a).

Þó að Said hafi skrifað bókina *Orientalism* fyrir næstum 40 árum síðan þá er ljóst að margt á enn við í dag. Said áleit að vestræn menning skaraðist við orientalisma, að stjórnmalahreyfingar noti hann og hann sé grunnur samskipta vestursins við hið austræna. Hann sagði einnig að það væri hættulegt að samfélög séu uppfull af þessari hugmyndafræði en hana megi finna í bókum frá 19. öld og einnig í skóla- og stjórnmalakerfum í dag (Said, 1978). Samkvæmt Kristínu Loftsdóttur (2003) hefur notkun hugtaksins í dag orðið fjölbreyttara og hefur tekið á sig nýja mynd. Hún segir að áður fyrr hafi hugtakið verið notað til að vísa í ímyndir austursins en í dag sé það notað í víðara samhengi og vísi nú til vestrænna miðla og umfjöllun þeirra um ákveðna hópa.

Íslamófóbía er hugtak sem hefur verið að ryðja sér til rúms undanfarin ár og hefur orðið sýnilegra á Vesturlöndunum eftir lok Kalda stríðsins og enn meira eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum þann 11. September árið 2001. Fóbía þýðir örökstudd hræðsla eða sjúklegur ótti. Íslamófóbía er því sjúklegur ótti eða örökstudd hræðsla við íslam og múslíma og flokkast sem menningarlegur rasismi. Í hugtakinu felast því fordómar, þar sem fólk hefur fyrirfram gefnar skoðanir og dóma um eitthvað óþekkt, í garð múslíma, íslam, Miðausturlanda eða araba. Öfgahópar, líkt og Íslamska ríkið sem starfa í nafni trúarinnar, geta ýtt undir íslamófóbíu. Þessir öfgahópar eiga oft ekkert skylt við íslamstrú og fela sig þar með á bakvið

hana (Kristján Þór Sigurðsson, 2014). Hægt er að segja að íslamófóbía sé tilkomin vegna fáfræði því þeir sem eru haldnir þessari fóbíu hafa oftast en ekki litla sem enga þekkingu á íslam eða múslímum (Kristján Þór Sigurðsson, 2014).

Íslamófóbíu er hægt að skilgreina sem „neikvæð viðhorf og umræða um íslam og múslíma, að þeir verði fyrir mismunun og aðkasti og að þátttaka múslíma í opinberu starfi sé gerð erfið“ (Kristján Þór Sigurðsson, 2014, bls. 3). Hún snýst þó ekki eingöngu um hatur og hræðslu við íslam eða múslíma, hún kemur í veg fyrir að múslímar fái að vera múslímar og lifa sem slíkir (Sayyid, 2014). Hugtakinu hefur verið líkt við rasisma og gyðingahatur en íslamófóbía snýst þó ekki einungis um hatur og ótta. Rasismi er nátengdur útlendingahræðslu og andstöðu við innflytjendur en hann á sér þó ólíkar birtingamyndir (Kristján Þór Sigurðsson, 2014). Þó að þetta sé að mörgu leyti líkt rasisma, eins og áður kom fram, þá virkar hún ekki á sama hátt. Hægt er að segja að íslamófóbía flokki það sem rasismi flokkar ekki (Sayyid, 2014). Samkvæmt mannfræðingnum Pnina Werber (2015) er róttækni eða öfgar til í öllum trúarbrögðum. Það þurfi hins vegar að koma í veg fyrir þá staðalmynd sem sett er upp af hinum róttæka múslíma. Með því að hafa þessa staðalmynd eru allir múslímar settir undir sama hattinn. Íslamófóbía bitnar á öllum múslímum og múslímar eru raunverulegt fólk eins og ég og þú.

Menningarleg afstæðishyggja er sú hugmynd að engin ein menning sé betri eða æðri annarri heldur sé menning mismunandi eftir samfélögum (Barnard, 2000). Það var mannfræðingurinn Franz Boas sem var upphafsmaður kenningarinnar um menningarlega afstæðishyggju í mannfræði. Hann lagði áherslu á að hver menning væri skoðuð í sögulegu samhengi og á eigin forsendum. Boas sagði að hvert samfélag væri einstakt á sinn hátt, að þau hefðu hvert sína sögu sem hefði átt þátt í að móta menningu þeirra (McGee og Warm, 2008). Menningarlegt afstæði er hugtak sem mannfræðingar nota mikið í rannsóknum sínum þar sem þeir lenda í aðstæðum sem eru ólíkar þeirra eigin en þeir hafa vanist því og er það oft siðferðislega krefjandi. Hugtakið hjálpar mannfræðingum að sjá fólkið sem rannsakað er á sama hátt og þau sjá sig sjálf. Þeir verða að koma á vettvang án fyrirframgefna skoðanna, bera ekki rannsóknarefnið saman við sitt samfélag og sína menningu auk þess sem það skiptir miklu máli að bera virðingu fyrir rannsóknarefninu. Menningarlegt afstæði er verkfæri mannfræðinga til að skoða aðra menningarhópa á eins fordómalausan hátt og hægt er (Eriksen, 2001).

Með aukinni hnattvæðingu búum við í heimi þar sem menningareinkenni hafa mikið breyst. Íbúar samfélaga tala ólík tungumál og fólk hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn. Þetta þýðir að fólk þarf að taka tillit til ólíkra menningarsíða, trúarbragða og til hvert annars svo ekki komi til árekstra. Lönd eiga sér landamæri en menning ekki og hún fær að flæða á milli. Allir samfélagshópar hafa jafn mikla menningu. Út frá mannfræðilegu sjónarhorni er menning bæði sameiginleg hjá öllum sem og ólík á milli hópa (Eriksen, 2010b).

Það er samt sem áður ekki þannig að menningarlegt afstæði sé einungis bundið við mannfræðinga heldur er þetta hugsunarháttur sem allir ættu að temja sér. Að vera í ókunnum og öðruvísi aðstæðum en venja er og ætla að vera hlut- og fordómalaus er erfiðara en það lítur út fyrir. Að heyra talað eða ritað um Íslamska ríkið eða hryðjuverkamenn og árásir í fjölmiðlum þá er heilinn fljótur að bregðast við og alhæfa um alla múslíma eða dæma þeirra menningu. Það er mikilvægt að tapa ekki gagnrýnni hugsun heldur skoða allar hliðar málsins, en þó hafa sínar eigin skoðanir án þess þó að þurfa að dæma aðra menningu eða samfélög í leiðinni.

1.3 Byltingarhugmyndir og íslamismi

Innan Íslamska ríkisins eru róttækir og öfgafullir íslamistar og Íslamska ríkið er í raun byltingarhópur. Til þess að skilja hvernig sá hópur virkar og vinnur þurfum við að fara til baka og skoða hvernig einn mikilvægasti atburður í sögu Vesturlanda átti eftir að hafa mikil áhrif og hefur enn daginn í dag.

Franska byltingin eða stjórnarbyltingin í Frakklandi stóð sem hæst á árunum 1789-1795 en yfirleitt er vísað í eitt ártal þegar talað er um frönsku byltinguna, 1789. Í júlí, það ár, réðust almennir borgarar á hina frægu Bastillu í París. Helstu ástæðurnar fyrir byltingunni voru efnahagslegar og menningarlegar. Hinn almenni borgari mótmælti hækkingu skatti og fólk vildi lýðræðislegar umbætur. Til þess að setja fram nýjar reglur og almennt til að ná sínu fram þá notuðu frönsku byltingarmennirnir aðallega ofbeldi (Hutchinson og Smith, 1994).

Fyrir árið 1793 var ofbeldi, stríð, borgaralegar deilur, blóðsúthellingar, pyntingar og fjöldamorð ekki nýtt á nálinni. Það sem hefur þó breyst er að í dag eru morð og pyntingar algengari og oft notuð til að þurrka út heilu kynslóðirnar og kynþætti (Newell, 2015). Mynstrið á ofbeldi og villimennsku hefur ekki breyst frá því að það fór að vera skjalfest. Grimmdarverk sem framin hafa verið í nafni trúarinnar áttu sér stað í tengslum við krossfarana á miðöldum. Stríð er ofbeldi líkt og hryðjuverk, fjöldi þeirra sem hafa verið

drepnir í árásum náði nýjum hæðum á 20. öldinni og samhliða því breyttust aðferðir ofbeldismanna. Stalín til að mynda sveltí milljónir manna í Úkraínu og því til viðbótar voru 30 milljónir manna teknir af lífi. Ein milljón Armeníumanna voru pyntaðir til dauða í Ottómanveldinu árið 1914 og 20 milljónir Austur-Evrópubúa létu lífið í seinni heimsstyrjöldinni af völdum nasista sem og milljónir gyðinga, fatlaðra samkynhneigðra og sígauna (Atwan, 2015).

Markmið sumra byltingarsinna í dag eru ekki að einblína á frjálslýnda lýðræðisbyltingu og réttindi hvers og eins. Þeim finnst sem réttindi samfélagsþegna skaði samfélögin og því þurfi að eyða og búa til nýtt og hreint sameiningartákn. Markmið þeirra er að stjórna einstaklingunum og búa til kerfi sem þykir ósveigjanlegt. Þannig fari þeir frá því að vera og titla sig sem hryðjuverkamenn yfir í það að vera sigursælir einræðisherrar (*e. victorious as godlike masters*) (Newell, 2015).

Í hverjum byltingarhóp er yfirleitt einn harðstjóri eða einræðisherra. Hann vinnur þannig fyrir þjóð sína að það skarast á við umbætur fyrir fólkið í landinu. Til dæmis vildu Stalín og Hitler nútímavæða heimalönd sín bæði efnahags- og tæknilega en á bakvið luktar dyr voru þeir færir um að gera það sem þótti brenglað og miklar öfgar. Markmið þeirra voru samt sem áður alltaf pólitísk og þeir gerðu allt til þess að koma sínum aðferðum áfram og vildu að allir færu eftir þeirra kerfi. Það er einmitt það sem íslamska ríkið vill líka, það er að segja að gera allan heiminn að kalífat ríki (Newell, 2015).

Eins og Lenín orðaði það “því verra, því betra” (Newell, 2015). Því skæðari sem óvinir byltingarsinna eru í dag þeim mun meira afl þarf til þess að koma þeim í burtu. Þær aðferðir sem notaðar eru til þess eru þá ofbeldi og tortíming. Sannir byltingarsinnar fá fólkið til að trúá því að þeir stefni að því að bæta samfélagið til þess að fá stuðning frá þeim. Þeir vilja samt sem áður ekki að íbúar samfélagsins fái hærra laun, að það verði þróun í efnahagskerfinu eða bæta félagskerfið. Slíkar umbætur væru góðar fyrir fólkið í landinu en byltingarsinnar vilja að fólkið sé í lægst launuðu stéttinni í stéttarkerfinu og að það sé eins og hálfgerðir þrælur þeirra (Newell, 2015). Það er því hægt að segja að ótti (*e. terror*) hafi byrjað í frönsku byltingunni en frekari útskýringu á því er að finna í næsta kafla.

Íslam hefur á síðastliðnum árum orðið sýnilegrí í hinum vestræna heimi. Áður fyrr var íslam hvað mest áberandi í Miðausturlöndum ásamt í öðrum löndum, til dæmis Indónesíu, Pakistan og Indlandi. Í dag er íslam sýnilegt fyrirbæri í mörgum löndum eins og til dæmis í Bandaríkjunum, Bretlandi og Íslandi. Eftir hryðjuverkaárásina í Bandaríkjunum þann 11.

september 2001 hafa flestir Vesturlandabúar orðið meðvitaðir um múslíma sem þykja róttækir og þá öfgahópa sem starfa og drepa í nafni trúarinnar. Margir hafa því velt því fyrir sér hvort að vaxandi útbreiðsla íslam í Bandaríkjunum og Evrópu kunni að valda ógn. Með þessu þá hefur hugtakið íslamismi komið við sögu (Mozaffari, 2005).

Með íslamisma er átt við róttækan eða pólítískan skilning á íslam. Íslamismi getur verið allt frá umbótasinum, sem vilja breytingar á kosningakerfinu, til róttækra íslamista sem eru á móti lýðræði, vilja róttækar breytingar á samfélaginu og svo þeir sem nota hryðjuverk og ofbeldi til að ná sínu fram. Þeirra markmið er að byggja ríki múslíma, Kalífát, á heimsvísu og nota allt sem þeir hafa og eiga til þess. Einnig vilja þeir losna við vestræn áhrif í hinum íslamska heimi. Orðið íslamisti vísar til heittrúarmanns sem fylgir bókstafstúlkun á kennisetningum Kóransins og vill koma á samfélagi sem byggt er á þeim (Mozaffari, 2005).

Stefna íslamisma kom fram í Egyptalandi árið 1928 og náði til allra múslímskra landa en þó með mismunandi hætti og túlkunum. Fjórum árum áður, árið 1924, hafði Ottómanveldið liðið undir lok og í kjölfarið var Tyrkland stofnað. Tyrkland var byggt á því sem eftir var af Ottómanveldinu, því var stjórnað af súnní múslímum og við fall veldisins óttuðust þeir að það myndi binda endi á íslam sem trúarbrögð. Það hefði síðan leitt til þess að múslímar hefðu þurft að gefa íslam upp á bátinn og taka upp evrópsk viðmið. Viðbrögð þeirra við að missa sjálfsímynd sína og hræðslan við það að þurfa að horfa til Vesturlanda leiddi til þess að hópurinn varð trúur hinu hefðbundna íslam, skipulagði og starfaði undir merkjum þess (Mozaffari, 2005).

Bræðralag múslíma (e. *The Muslim Brotherhood*) eru stjórnálagssamtök sem eru upprunnin í Egyptalandi og starfa með pólítískt íslam að leiðarljósi. Í dag eru samtökin starfrækt í mörgum löndum Miðausturlanda og eru oft stærstu stjórnálagssamtök í þeim löndum, en víðsvegar um heiminn eru þessi samtök bönnuð. Samkvæmt þeim er hefðbundin túlkun á íslam mótsvar þeirra við Vesturlandavæðingu. Fylgjendur þessara samtaka flokkast undir íslamista (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2005). Á 20. öldinni hefur íslamismi þróast áfram en þrátt fyrir þróunina eru upprunalegu starfshættir þeir sem unnið er eftir (Mozaffari, 2005).

1.4 „Terror“ og „terrorismi“

Skotárásin var framkvæmd af stjórnvöldum. Þeir beindu loftárásunum að hverfum almennra borgara. Þeir reyndu jafnvel að miða á bækistöðvar Íslamska ríkisins en hvorugt skotið endaði þar. Í skotárásinni særðust einungis saklausir borgarar og spennistöðin varð eyðilögð sem gerði það að verkum að nú höfum við ekkert rafmagn haft síðan í gær. Við höfum heyrt að vegna skotárásarinnar gengur ungt fólk til liðs við Íslamska ríkið þar sem hatrið gegn stjórnvöldum hefur aukist. Stjórnvöld fá aðstoð frá her Bandaríkjamanna, og þeim er alveg sama þó að á okkur súnní múslíma sé ráðist og við drepin (Cockburn, 2015, bls. xvii-xviii. Okkar þýðing).

Hryðjuverk eru ekki ný á nálinni, þau hafa verið framin alla tíð og að öllum líkindum mun það halda áfram í komandi framtíð. Þeir sem standa að baki slíkum árásum eiga sér ákveðin markmið og tilgangur þeirra er að koma fólki úr jafnvægi og valda sem mestum skaða. Fyrir tíma hryðjuverkaárásarinnar á Tvíburaturnana þann 11. september 2001 að þá var litið á hryðjuverk sem vægari ógn heldur en margt annað. Eftir þær árásir breyttist allt alþjóðasamfélagið og ekki var aftur snúið. Í gegnum tíðina hafa mismunandi merkingar verið settar fram hvað hryðjuverk varðar og hvað það er sem flokkast undir þess konar árásir. Línan sem dregin er á milli hryðjuverka sem framin eru af ákveðnum hópum eða samtökum eða þeirra verka sem skipulögð eru beint eða óbeint af ríkjum er óljós. Sá sem fremur hryðjuverk er kallaður og brennimerktur sem hryðjuverkamaður (*e. terrorist*) af alþjóðasamfélaginu en þó lítur árássamaðurinn ekki á sig sem slíkan. Þjóðríki hafa ekki átt í miklum erfiðleikum með að skilgreina fyrirbærið hryðjuverk. Sú skilgreining sem Bandaríkin hafa sett fram er að hryðjuverk eru notkun á ofbeldi eða ógnun til að vekja ótta og er notað til að vinna á eða ógna ríkistjórnnum og eða þjóðfélögum. Skilgreining breska ríkisins er nánast sú sama en þeir segja ástæðurnar vera pólitískar, trúarlegar eða með heimspekilegu ívafi, og því sé beint að einstaklingum og eignum (Townshend, 2002).

Fræðimenn líkt og Talal Asad (2007) og Charles Townshend (2002) hafa báðir lagt stund á málefni tengt hryðjuverkum og stríðum. Þeir hafa einnig velt þeirri spurningu fyrir sér hvort einhver munur sé þar á. Það er nokkuð ljóst að tengsl eru á milli stríða og hryðjuverka þar sem erfitt er að ímynda sér stríð sem býr ekki til ótta á meðal fólks. Townshend álitur að það sem skilur þessi fyrirbæri að er annarsveggar það að þjóðríki standa fyrir stríði á meðan hinir valdalausar nota hryðjuverk til að fá sínu framgengt. Þeir sem eru valdalausir eða valdalitlir nota hryðjuverk í deilum og réttlæta verk sín þar sem þeir hafi orðið fyrir kúgun og óréttlæti. Algengt er að litið sé á hryðjuverk sem andstæðu stríðs, þar á meðal velja þeir fyrrnefndu

skotmörk sín af handahófi á meðan þeir síðarnefndu hafa ákveðin skotmörk í huga (Townshend, 2002).

Það liggur alveg ljóst fyrir að tilgangur hryðjuverka er að valda sem mestum skaða og ótta hjá almenning. Það eru hins vegar ekki einungis hryðjuverk sem skapa það andrúmsloft því stríð gera líkt hið sama. Hryðjuverk beinast ekki einungis að fólkinu og hlutunum sem verða fyrir árásum heldur þeirri samsetningu sem óttinn og uppspretta hans valda (Asad, 2007).

Í bók Talal Asad, *On Suicide Bombing* (2007), veltir hann því fyrir sér hvort það sé eitthvað til sem mætti kalla trúarleg hryðjuverk (*e. religious terrorism*) og ef svo er hvernig eru þau frábrugðin annarri harðneskju? Í bókinni kemur fram að upphaf ótta (*e. terror*) og framkvæmd hennar séu birtingarmyndir hernaðar í heimi sem einkennist af ójöfnuði líkt og kom fram hér að ofan. Asad ber jafnframt saman ýmsar tegundir ofbeldis, annars vegar þess sem framkvæmt er af ríkinu og hins vegar hópum utan þess. Sú kenning sem er í hávegum höfð í bók Asad er kenning sem Tomas Aquino setti fram á miðöldum um hið réttláta stríð (*e. just war*). Kenningin fjallar í grófum dráttum um hvort stríð geti átt rétt á sér. Asad segir að þjóðríki eigi það til að réttlæta stríð með vísan í alþjóðasáttmála og lög um að ríkið hafi rétt á því að verja sig ef á það er ráðist (Asad, 2007, bls. 1-5). Þjóðríki virðast vera með einkarétt á ofbeldi og notkun herliðs. Þannig getur þjóðríkið í stríðsrekstri sínum löggilt ofbeldi sem það verður fyrir. Hryðjuverk og sjálfsmorðsárásir eru því af sama toga og eru í raun það sama og loftárásir og hernaður sterks herafls. Allt eru þetta glæpir og algjör illska. Samt sem áður er hægt að dæma um siðferðisleg gildi þess og það hvort hin eða þessi dráp séu siðferðislega réttlátari en önnur (Asad, 2010).

Það skiptir litlu sem engu máli hvaða trú fólk aðhyllist þegar kemur að ofbeldi og hryðjuverkaárásum. Til að mynda þá urðu 10 milljónir manna undir í átökum heimstyrjaldanna tveggja. Þetta blóðbað átti sér ekki stað vegna þess að kristnir Evrópumenn höfðu verið verri en aðrir menn heldur var ástæðan önnur, hún var pólitísk og sambland af trú og þjóðernishyggju (Cole, 2013).

Þegar hryðjuverkaárásir eiga sér stað er almenningur á Vesturlöndum alltaf fljótur að dæma og fullyrða að um múslímska hryðjuverkamenn sé að ræða. Sem dæmi er hægt að nefna hryðjuverkaárásirnar í París í nóvember árið 2015. Aldrei er talað um hryðjuverk þegar Bandaríkjamenn eða Rússar varpa sprengjum í Sírylandi og særa og drepa þúsundir saklausra borgara. Annað dæmi er hryðjuverkaárásin í Noregi árið 2011 þar sem fjöldi ungs fólks lét

lífið en þar var hvorki um múslíma né hryðjuverkahóp að ræða, heldur var Norðmaðurinn Anders Breivik einn að störfum. Það virðist því vera mikill munur á því hvort það séu „við“ vestrænir menn sem framkvæmum til að mynda drónaárásir eða „hinir“ frá austrinu sem sprengja sig upp í sjálfsmorðsárásum þegar kemur að því að skilgreina hugtökin „terror“ og „terrorismi“.

1.5 Ritningin og lögin

Múslímar líta á Kóraninn sem orð Guðs og fyrir þeim inniheldur hann hin heilögu skilaboð til mannkynsins og síðustu orð Guðs. Múslímar trúa því einnig að Guð hafi valið sér spámann til að koma skilaboðum sínum áfram og þannig talað í gegnum hann (Marranci, 2008). Í Kóraninum er að finna mismunandi nálganir en þær eru félagslegar, stjórnmalalegar og trúarlegar. Í gegnum árin hafa múslímar tekið saman hinar ýmsu túlkanir og þær fjalla um það hvernig skynsamlegast sé fyrir þá að haga sér og lifa lífinu. Þessar túlkanir hafa síðan þróast út í ákveðin gagnabrunn sem nefnist *sharía*, en það eru ákveðnar hugmyndir sem lagakerfi íslam (*a. fiqh*) byggir á. Íslamskt lagakerfi er allflókið og sveigjanlegt, og það má sjá það sem gerðir félagslega athafna sem miða við félagslegt samhengi hverju sinni. Það byggir á Kóraninum og hefðum (*a. sunna/hadith*) spámansins, en er alltaf háð túlkun hverju sinni sem og stað og stund, þar sem margvísleg sjónarmið takast á (Bowen, 2003). Tilgangur *sharía* er að veita múslímum tilsögn í lífinu, meðal annars þegar kemur að því að þekkja muninn á réttu og röngu þegar kemur að trú, samfélagi, efnahag og stjórnmalum. Einnig er tilgangur þess að hjálpa múslímum við allskyns hluti í hinu daglega lífi, til að mynda við svefn, bæn og matmálstíma (Morris, 2006).

Þegar að Múhameð lést deildu menn um hver ætti að verða eftirmaður hans og hvar höfuðstöðvar ríki múslíma ættu að liggja. Það varð til þess að múslímar skiptust í tvær mismunandi fylkingar, súnní og síja. Það sem skilur þessa tvo hópa að er annarsvegar það að súnní fylgja meginstraumi íslam og hugmyndafræði þeirra byggir á hefðum og áður þekktum gildum. Hinsvegar eru það síja en þeir telja sig fylgja Alí, en hann var frændi og tengdasonur Múhameðs, og vildu að hann yrði næsti kalífi eftir dauða Múhameðs enda nánasti eftirlifandi fjölskyldumeðlimur hans (Þórhallur Heimisson, 2008, Nigosian, 2008).

Í dag eru súnní um 90% múslíma í öllum heiminum en þeir telja að enginn veraldlegur eftirmaður hafi getað tekið við af Múhameð. Samkvæmt trú múslíma er Múhameð talinn síðasti spámaðurinn sem Guð hafi sent til jarðarinnar. Því sé það hið heilaga rit þeirra,

Kóraninn, sem eigi að segja fyrir um öll líf manna í heiminum. Síja múslímar líta hinsvegar á trúarleiðtogann (e. *imam*) sem æðsta valdhafa Guðs, og samkvæmt þeim átti Múhameð að hafa stofnað vígsluhefð með því að skipa trúarleiðtoga, sem eftirmann sinn og eiga þeir að stjórna samfélaginu en ekki kalífarnir (Þórhallur Heimisson, 2005).

Hugtakið jihad birtist oft í helgiriti múslíma, Kóraninum, en það merkir barátta eða átök. Nú til dags er það oft þýtt sem heilagt stríð og það er einmitt sú skilgreining sem gefin er upp á Snöru (Snara.is, e.d.). Almennur er því gjarn á að misskilja hvað hugtakið merkir í raun og veru og dregur rangar ályktanir um merkingu orðsins. Þegar hugtakið er skoðað betur og í sögulegu samhengi þá kemur það í ljós að merking orðsins er margvísleg, og fer eftir stað og stund. Í Kóraninum hefur jihad jákvæða merkingu og skiptist það í tvo flokka, stærra jihad (*a. jihad al-akbar*) og smærra jihad (*a. jihad al-aksar*) (Shabbas, 2002). Bæði hugtökin ná yfir einstaklinga sem og samfélagið sjálft og getur verið allt frá andlegri til vopnaðra baráttu. Þegar talað er um stærra jihad þá er átt við innri átök mannsins, baráttu hans við eigið sálarlíf til að koma í veg fyrir að hann falli í gryfju freistinga. Múhameð spámaður vísaði til stríðs sem smærra jihad sem fælist í ytri átökum mannsins við umheiminn (Bassiouni, 2002).

Í Kóraninum er fjallað um hið smærra jihad og í hugmyndum *sharía* eru settar fram skýrar reglur hvað varðar rétta hegðun í stríðsrekstri. Í reglunum kemur fram að ef múslímar hagi sér með þeim hætti að þeir séu ofbeldisfullir og ræni eða drepi í nafni trúarinnar þá valdi það miklum áhyggjum. Komi til þess þá spilla þeir samfélagslegum friði og það er talið óæskilegt (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2001).

Í Kóraninum er fjallað um smærra jihad sem baráttu múslíma gegn trúleysingjum. Ef ríki múslíma er ógnað af trúleysingjum er það skylda múslíma að berjast gegn þeirri ógn. Þegar það er talað um trúleysingja þarf að skilja það í sögulegu samhengi. Í Kóraninum eru trúleysingjar þeir sem aðhyllast önnur trúarbrögð, meðal annars kristnir menn og gyðingar en einnig kemur þar fram að engin þvingun sé í trú, Guð hafi skapað fleiri en eina trú sem fólk getur valið um og valið ætti alltaf að virða (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2001). Múslímar eru einnig hvattir til að berjast með lífi sínu og eignum og í þeirra heilaga riti koma fram greinargóðar lýsingar sem áttu að hvetja menn áfram og fari það þannig að menn falli í stríði þá fái þeir mikla umbun fyrir (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2001).

2. Hvað er Íslamska ríkið?

2.1 Samtökin

Íslamska ríkið, eða ISIS eins og við þekkjum það flest, er hryðjuverkahópur sem starfar í nafni íslam. Þessi hópur hefur einnig gengið undir nöfnunum Íslamska ríkið í Írak og Levant (ISIL) og Íslamska ríkið í Írak (ISI), og á arabísku er hann þekktur undir nafninu DAESH (Gerges, 2016). Í eftirfarandi ritgerð verður notast við heitin Íslamska ríkið og IS. Vegna óstöðugs ástands í Írak og Sýrlandi hefur hópurinn vaxið gríðarlega hratt. Hann hefur yfirtekið stór landssvæði í þessum löndum og fengið til liðs við sig fjöldann allan af erlendum bardagamönnum frá löndum allsstaðar í heiminum. Til þess að átta sig á því hvernig þessi hópur vinnur er mikilvægt að skoða bakgrunn hans auk þess að vita hvernig og hvar þetta byrjaði.

2.2 Bakgrunnur IS

Íslamska ríkið á rætur sínar að rekja til ársins 1979 þegar Sovétríkin réðust inn í Afganistan til að styðja við kommúnistastjórnina þar. Ungir menn frá Miðausturlöndum flyktust þangað til þess að ganga til liðs við uppreisnarmenn þar í landi og á meðal þeirra var Osama Bin Laden (Hashim, 2014).

Osama Bin Laden fæddist árið 1957 í Saudi Arabíu, á unglingsárunum stundaði hann nám við háskóla þar í landi og varð á þeim tíma undir miklum áhrifum Wahhabisma, en sú túlkun á íslam á rætur að rekja til Sádi Arabíu (Gunaratna, 2005). Sádi Arabía er mikilvægur tengiliður róttækra súnní hópa, ekki einungis vegna olíunnar heldur spilar bókstafstrúin Wahhabismi stóran hluta í því. Wahhabismi er eins og áður sagði íslömsk bókstafstrú sem leit dagsins ljós á 18. öld og er nefnd eftir stofnanda hennar Muhammad ibn Abd al-Wahhab. Það er mikilvægt í hugum margra í Sádi Arabíu að útbreiðsla Wahhabisma nái sem víðast og því eru menn virkir í því að styrkja og leggja framlög til róttækra hópa sem aðhyllast málstaðinn. Það sem einkennir Wahhabismann er að einu lögin sem þeir framfylgja eru *sharía* lög, og mjög þröng túlkun á þeim (Cockburn, 2015, bls. 5). Líkt og í íslam er meginregla Wahhabism sú að það er aðeins einn guð, Allah, og hann skuli einungis tilbiðja. Í hugmyndafræði Wahhabisma er bannað að bölvu, neyta áfengis, reykja tóbak og rakstur. Einnig eru tónlist og hljóðfæri bönnuð, þó er leyfilegt að kyrja en það er mjög vinsælt á meðal vígamanna (e. *ihadists*) nú til dags (Atwan, 2015). Wahhabistar líta svo á að karlar séu

æðri konum, og til að mynda eru þær taldar óhæfar í stjórnunarstörf, sem og að hafi hvorki möguleika á því að kjósa né taka bílpróf (Cockburn, 2015, bls. 5).

Margir töldu að samtök á borð við Al Kaída væru trúarleg og algengt var að menn þróuðu með sér róttækar hugmyndir samhliða því. Stríðið í Afganistan stóð til að byrja með, yfir í tíu ár eða til 1989 þegar Sovétríkin drógu sig til baka og uppreisnarmennirnir, sem voru um tvö þúsund talsins, gengu flestir til liðs við Al Kaída. Áður en það gerðist höfðu innbyrðis átök átt sér stað og Talíbana hreyfingin varð til (Atwan, 2015).

Á þeim tíma sem stríðið stóð yfir mótuðust samtökin Al Kaída, upphafsmaður þess var Abdullah Azzam en hann var kennari Osama Bin Laden og átti því mikinn þátt í að móta framtíðarsýn Bin Laden. Markmið Azzam var að stofna samtök með hópi undirokaða múslíma hvarvetna úr heiminum sem voru tilbúnir til að berjast við erkifjendur íslam. Með tímanum tók Bin Laden við samtökunum og í lok stríðsins þá skildu leiðir þeirra Azzam og Bin Laden. Sá sem fyllti í skarðið fyrir Azzam var maður að nafni Ayman al-Zawahiri en með komu hans breyttist hugmyndafræði samtakanna og beindist hún í öfuga átt við það sem Azzam vildi gera með samtökunum. Azzam var á móti því að drepa almenna borgara en Zawahiri var tilbúin til þess að drepa og fara í stríð við alla þá sem hann taldi ógn við trúna, en hann aðhylltist róttækt og öfgafullt íslam (Gunaratna, 2005).

Þann 11. september 2001 urðu Bandaríkjamenn fyrir hryðjuverkaárás sem átti eftir að hafa slæmar afleiðingar fyrir öll Miðausturlönd eins og þau leggja sig. Í framhaldi af árásinni á Tvíburaturnanna þá réðust Bandaríkjamenn inn í Afganistan og Bin Laden lét sig hverfa til Pakistan þar sem hann var í felum í nokkur ár. Tveimur árum síðar eða árið 2003, þá réðust Bandaríkjamenn og Bretar inn í Írak og það markar upphaf Íslamska ríkisins. Með innrásinni vildu þessar tvær þjóðir koma Saddam Hussein frá völdum en hann hafði verið einræðisherra í Írak þar sem Baath flokkurinn hafði ráðið öllu, en sá flokkur var veraldlegur (*e. secular*). Bandaríkjamenn töldu sig geta sannað að Íraska ríkisstjórnin byggði yfir gereyðingarvopnum og væri í samstarfi við Al Kaída hryðjuverkahópinn, sem síðar reyndist ekki eiga við rök að styðjast (Cockburn, 2015).

Þúsundir Íraskra súnní hermanna, gengu til liðs við uppreisnarmenn á svæðinu þar sem hinn almenni borgari hafði misst álitid á eigin ríkisstjórn og menn fóru að líta á sig sem veikburða og áhrifalaus (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2001). Róttækir múslímar víðsvegar í Miðausturlöndum litu á innrásina sem endurtekningu frá því að Sovétríkin réðust inn í Afganistan árið 1979, þannig ungir menn flyktust til Íraks til að berjast með

uppreisnarmönnum, á meðal þeirra var jórdanskur maður sem gekk undir nafninu Abu Musab al-Zarqawi. Hópur Zarqawis átti eftir að verða einn sá miskunnarlausasti á svæðinu, en hann beindi spjótum sínum aðallega að síja múslímum en þeir voru og eru í miklum meirihluta í Írak (Atwan, 2015).

Innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra leiddi til þess að Saddam Hussein missti völdin. Súnní múslímar sem höfðu verið í minnihluta í landinu voru studdir af stjórninni en það voru síja múslímar sem voru í meirihluta í hinni nýju stjórn. Stjórnarskiptin urðu til þess að átök blossuðu upp á milli ríkisstjórnarinnar og súnní múslíma. Þessi átök, ásamt hersetu Bandaríkjamanna og Bretanna, urðu til þess að grunnurinn var lagður að Íslamska ríkinu (Cockburn, 2015).

Í október árið 2004 ákveður Zarqawi og hans hópur að ganga til liðs við Al Kaída, og úr þeirri samvinnu verður til Al Kaída í Írak. Næstu mánuðina á eftir einblíndu Zarqawi og félagar á það að fá sem mesta alþjóðlega eftirtekt, í kjölfarið urðu sjálfsmorðsárásir þeirra helsta vopn og einkenni. Erlendir liðsmenn flyktust til Íraks með þeim tilgangi að ganga til liðs við samtökin, mikill meirihluti þeirra var frá Sádi Arabíu á meðan aðrir komu frá helstu nágrannalöndum þessa svæðis. Með tilkomu Zarqawi inn í Al Kaída í Írak breyttist markaðssetning þeirra þar sem þeir fóru að nota internetið til að koma sér á framfæri (Stern og Berger, 2015).

Eins og áður sagði þá hafði Zarqawi það orð á sér að beita harðneskjulegu ofbeldi án miskunnar, hann var sá fyrsti sem tók ofbeldið upp á myndband og streymdi því á netið, líkt og liðsmenn Íslamska ríkisins gera í dag. Það var árið 2005 þegar það kom upp ósætti á milli Al Kaída og Zarqawi, en þeim fyrrnefndu fannst ofbeldið sem hann beitti vera á öðru plani en þeir voru tilbúnir til að sætta sig við, þannig að Zarqawi stofnaði sinn eigin hóp sem fékk nafnið *“Mujahideen Shura Council”*. Í apríl 2006 lét Zarqawi lífið í loftárás Bandaríkjamanna, en hópurinn hélt þó áfram að blómstra þrátt fyrir dauða hans, og fékk nýtt viðurnefni, ISI eða *“Íslamska ríkið í Írak”*, (Atwan, 2015, Hashim, 2014).

Nokkrum árum seinna eða árið 2011 drógu Bandaríkjamenn sig til baka og yfirgáfu Írak sem virtist vera nokkuð stöðugt á þeim tímamarki. Sama ár gekk arabíska vorið svokallaða yfir Miðausturlönd og var þar Sýrland enginn undatekning. Forsetinn og einræðisherrann Bashar al-Assad reyndi að þagga niður í mótmælendum með blóðugum árásum og uppreisnarmenn létu til skara skríða, og úr þeim átökum varð borgarstyrjöld. Úr þeirri

ringulreið sem fylgdi átökunum blómstraði Íslamska ríkið og varð að því sem við þekkjum í dag (Atwan, 2015).

Í Janúar árið 2012 kom fram hópur sem kallaði sig Al-Nusra Front, en sá hópur var afsprengi Íslamska ríkisins í Írak (ISI) og átti upphaflega að starfa í Sýrlandi undir leiðsögn Abu Bakr al-Baghdadi. Fljótlega eftir sauð upp úr samstarfi hópanna tveggja og leiðir þeirra skildu, sem varð til þess að ISI öðlaðist nýtt viðurnefni og varð það Íslamska ríkið í Írak og Sýrlandi (ISIS). Tveimur árum seinna eða árið 2014 spruttu upp átök á milli hópanna og leiðtogi Al Kaída, Zawahiri, tilkynnti stuðning við Al-Nusra og aðskildi þar með ISIS frá Al Kaída. Eftir aðskilnaðinn náði ISIS hernaðarlegum árangri á meðan andstæðingurinn Al-Nusra varð veikburðaðri (The Intelligence and Terrorism Information Center, 2014).

Íslamska ríkið hefur sýnt að það eru tilbúið til þess að berjast gegn öllum þeim sem ekki fylgja ofstækishugmyndum þeirra á bókstafstrúar íslam (Cockburn, 2015).

2.3 Baklandið

Abu Bakr al-Baghdadi er einnig þekktur sem Abu Du'a, Docteur Ibrahim, Awwad Ibrahim, Abu Duaa, Al-Shabah og síðast en ekki síst hinn ósýnilegi „sheikh“. Hans raunverulega nafn er hins vegar Ibrahim bin Awwad bin Ibrahim al-Badri al-Quarayshi. Al-Baghdadi fæddist árið 1971 í borginni Samara í Írak og kemur af „Bobadri“ ættbálknum, sá ættbálkur er með nokkra undirflokkka þar á meðal ættflokkinn Quaraysh en það er sá flokkur sem Múhameð spámaður er talin koma af. Til þess að geta orðið Kalífi þarf viðkomandi að vera samþykktur af öllum múslímum, en það er nokkuð sem al-Baghdadi er ekki (Atwan, 2015, bls. 110-114).

Abu Bakr al-Baghdadi flutti að heiman um átján ára aldur og settist að í einu úthverfi Baghdad, Tobchi. Þar bjó hann í nokkur ár og lagði stund á íslömsk fræði og lög við Háskólann í Baghdad, samhliða náminu þá leiddi hann af og til bænir í mosku bæjarins. Baghdadi er sagður hafa lifað rólegu lífi þar til Bandaríkjamenn réðust inn í Írak árið 2003. Á þeim tíma gekk Baghdadi til liðs við uppreisnarhóp sem kallaðist „the Army of the Sunni People Group“ og þar gengdi hann því hlutverki að vera stjórnandi *sharía* nefndarinnar. Í byrjun árs 2005 þá réðust Bandaríkjamenn inn á heimili nálægt Fullujah þar sem margir uppreisnarmenn voru handteknir þar á meðal Baghdadi. Baghdadi var settur í gæsluvarðhald í Camp Bucca fangelsinu sem var á vegum Bandaríkjahers, en sá staður átti eftir að verða „akademía“ hryðjuverkamanna (Stern og Berger, 2015).

Í grein sem fyrrverandi starfsmaður Camp Bucca, Andrew Thompson, ásamt Jeremy Suri, prófessor við Háskólann í Texas skrifuðu (Stern og Berger, 2015, bls. 46-47), kemur fram að fangelsið ýtti undir róttækni meðal fanganna. Vistin í fangelsinu gerði menn enn róttækari en áður og gaf þeim tækifæri á að fylgja henni eftir. Í fangelsinu skipti engu máli fyrir hvað menn sátu inni fyrir, öllum var blandað saman sem varð til þess að sameiginlegt bandalag myndaðist á meðal fanganna. Camp Bucca fangelsið varð því að æfingasvæði fyrir hryðjuverkamenn sem Bandaríkin og bandamenn þeirra kljást nú við. Árið 2009 hafði Baghdadi afplánað sinn dóm og var frjáls ferða sinna og var þá róttækari og öfgafyllri sem aldrei fyrr (Stern og Berger, 2015).

2.4 Skipulag IS

Eitt af því sem Baghdadi innleiddi þegar hann gerði sig að sjálfkjörnum kalífa Íslamska ríkisins var að byggja upp veldi sem snéri að stjórnsýslu og ákvarðanatöku innan samtakanna og gerði hann það út frá Kóraninum og sögulegum fordæmum. Þar sem Íslamska ríkið nær yfir stórt og mikið landssvæði þá þarf Baghdadi að hafa tvo staðgengla ef eitthvað kemur upp á. Báðir hans staðgenglar eru fyrrverandi meðlimir í Baath flokksnum sem og samfangar Baghdadi í Camp Bucca fangelsinu (Atwan, 2015, bls. 137).

Baghdadi og staðgenglar hans sjá um að búa til og setja markmið innan hópsins og þeim er síðan komið áfram til þeirra undirsettu. Undir Baghdadi eru einnig ráðgjafar sem og aðrar deildir sem hafa hin ýmsu markmið. Yfirmaður hvernar deildar er hluti af ráðuneyti Baghdadi. Mikilvægustu hlekkirnir í ráðuneytinu eru ráðgjafar sem halda utan um *sharía* lög, og þeir sjá til þess að þeim sé framfylgt (Atwan, 2015, bls. 137-143).

Öryggis- og varnarmálaráðuneytinu er stjórnað af fjórum mönnum sem allir voru háttsettir í öryggismálum þegar Saddam Hussein var við völd. Tiltakið ráðuneyti er með útibú víðsvegar um hið Íslamska ríki og eru þannig fljótir að koma auga á andófsmenn og njósna. Það gegnir einnig því mikilvæga hlutverki að sjá um landamæraeftirlit til að koma í veg fyrir óæskilega aðila. Herinn hefur umsjón með sístækkandi landhelgi ríkisins og sér einnig um að verja það. Hann sér einnig um birgðir og viðhald á þeim hvort sem það er fyrir fjölskyldur eða píslavotta (*e. martyr*), ásamt því að sjá um framleiðslu og dreifingu á sprengjuefnum. Efnahagsmálaráðuneytið sér um þær tekjur sem koma inn í ríkið en þær koma úr ýmsum

áttum. Þar á meðal frá olíuauðlindum, vegasköttum, lausnargjöldum, herfangi og sköttum sem tengdir eru við Íslamska ríkið en nánar má sjá um það í kafla 2.6 (Atwan, 2015).

Menntamál í ríkinu eru í höndum menntamálaráðuneytis en ráðuneytið sér einstaklingum fyrir námsgögnum. Þó að einstaklingar hafi aðgang að menntun þá er ekki allt leyfilegt. Til að mynda hefur líffræði og heimspeki verið bönnuð á námsskránni. Þjónusturáðið sér um almennþjónustu við borgara ríkisins, svo sem viðhald á byggingum, vegavinnu, rafmagn og sorphreinsun. Upplýsingmiðstöðin er ábyrg fyrir fjölmiðlum og annarri áróðursstarfsemi, og að lokum er það fylkisráðið sem hefur umsjón með þeim átján héruðum sem mynda ríkið (Atwan, 2015, bls. 141-143).

2.5 Af hverju ríki?

Á meðan heimsbyggðin er gagntekinn af grimmd að hálfu Íslamska ríkisins, hefur hópurinn aukið getu sína til að stjórna og gert borgara Íraks og Sýrlands háða sér hvað varðar daglegt líf. Það hafa þeir gert með því að veita þeim alla þá grundvallarþjónustu sem íbúar samfélaga þurfa á að halda. Íslamska ríkið hefur sett upp stjórnsýslu og stofnanir eins og fram kom í kafla 2.4, og öllu er stjórnað með ákveðnum lögum og reglum líkt og um alvöru hagkerfi væri að ræða (Greges, 2016, bls. 264).

Innan Íslamska ríkisins er að finna allar helstu stofnanir og verslanir til að mynda þá eru á svæðinu bakarí, bankar, leikskólar, skólar, vel útbúnir spítalar, ásamt opinberum stofnunum sem gefa út kennivottorð og annað slíkt. Þó má geta þess að þessi þjónusta er hvorki góð né ókeypis. Þeir íbúar sem áður lifðu á lágmarksframfærslu þegar ríkistjórnir Íraks og Sýrlands voru við völd, hafa það mun betra undir stjórn Íslamska ríkisins þrátt fyrir óeirðirnar sem þar hafa staðið yfir síðustu ár. Svo lengi sem íbúar ríkisins fara eftir öllu því sem þeim er sagt, lætur Íslamska ríkið þau óáreitt (Greges, 2016, bls. 264).

Þrátt fyrir að Baghdadi og hans menn séu fyrst og fremst í stríði þá hafa þeir varið fjármagni í að byggja ríki og helstu stofnanir eða það sem kallað er Kalífaríki. Þriðjungur af fjárlögum Íslamska ríkisins er varið í áróður til að mynda í auglýsingaherferðir. Æðstu menn samtakanna vita að til þess að ná yfirráðum þurfa þeir að beita bæði ofbeldi og sannfæringakrafti, þeir trúa því einnig að ríkið sé komið til að vera (Greges, 2016, bls. 270).

Samkvæmt alþjóðalögum eru forsendur fyrir ríki tiltölulega einföld. Í Montevideo samningnum frá árinu 1933, sem fjallar um réttindi og skyldur ríkja kemur fram að ríki séu

tvennskona. Í fyrsta lagi er það ríki sem hefur skilgreint landssvæði, íbúa og ríkisstjórn sem hefur vald yfir þegnum þess sem og yfirráðasvæðum. Í öðru lagi er það ríki sem getur orðið til á svæði sem hefur verið yfirtekið og hefur ekki verið undir stjórn annars ríkis. Íslamska ríkið hefur ekkert af þessu. Samtökin réðust inn í Sýrland og Írak og ákváðu þannig að svæðin væru þeirra. Með því að hertaka þessi svæði og eigna sér þau réðu þeir yfir þeim en eru samt ekki ríki samkvæmt því sem kom fram hér að ofan (Atwan, 2015, bls. 11-13).

2.6 Fjármögnun IS

Hvernig fjármagnar Íslamska ríkið samtökin sín? Stuðningurinn kemur úr ýmsum áttum en eitt aðal fjármagnið kemur frá sölu á olíu sem liðsmenn Íslamska ríkisins hafa komist yfir með einum eða öðrum hætti. Þó að olían sé mikilvægasta tekjulind Íslamska ríkisins þá njóta þeir einnig fjárstuðnings frá öðrum löndum sem og öðrum róttækum súnni hópum. Fyrir utan olíuna og fjárstuðninginn þá hafa þeir komist yfir mikið herfang bæði í árásum við aðra hópa sem og varning sem átti upprunalega að fara annað (Cockburn, 2015).

Fjármálaráð Íslamska ríkisins hefur yfirráð yfir fjárhags- og efnahagslegri starfsemi eins og kom fram hér að ofan. Ráðið sér einnig um innheimtu skatta frá borgurum sem búa undir stjórn Íslamska ríkisins. Skatturinn er innheimtur á tveggja mánaða fresti og þurfa fyrirtækjægendur að borga um tuttugu dollara í skiptum fyrir hita, rafmagn og öryggi. Gjöldin eru sögð lægri undir stjórn Íslamska ríkisins heldur en þegar sýrlenska ríkisstjórnin réði yfir tilteknum svæðum (Cockburn, 2015).

Einn hlekkur í fjármögnun samtakanna er að komast yfir forngripi og selja þá síðan áfram. Í Írak sem og í Sýrlandi eru margir helgir staðir sem geyma vel varðveitta forngripi. Ríkisstjórnin varðveitti þessa staði með það að markmiði að viðhalda menningarlegri arfleifð ásamt því að laða að ferðamenn. Þýfið sem Íslamska ríkið kemst yfir er oftast selt á landamærum Tyrklands og Sýrlands, og felur meðal annars í sér stytur, gull og silfur mynt, mósaík, skartgripi og svo framvegis. Önnur aðferð sem Íslamska ríkið notar til að fjármagna samtökin er að ræna fólki, þá aðallega fyrir lausnargjald en einnig fá þeir peninga fyrir að selja konur í kynlífsánauð (Atwan, 2015, bls. 146-149).

3. Meðlimir IS

3.1 Að ganga til liðs við IS

Sérhver manneskja getur lagt eitthvað til málanna í Íslamska ríkinu. Það er skylda okkar. Ef þú getur ekki barist þá getur þú gefið peninga, ef þú getur ekki gefið peninga þá getur þú aðstoðað við tæknimál, og ef þú getur ekki aðstoðað við tæknimál þá getur þú boðið fram aðra kunnáttu. Við getum notað þig. Við munum hugsa vel um þig hérna. Þú og fjölskylda þín getið búið hér við öruggar aðstæður líkt og í heimalandi þínu. Hér í Sýrlandi höfum við nóg pláss og getum auðveldlega boðið ykkur fjölskyldunni upp á allt sem þarf til þess að þið getið lifað hér góðu lífi. (Atwan, 2015, bls. 178. Okkar þýðing).

Scott Atran (2015a) er mannfræðingur sem hefur sérhæft sig í samspili hryðjuverka, ofbeldis og trúar. Líkt og Atwan, hefur Atran einnig verið í nánd við og rannsakað meðlimi Íslamska ríkið. Atran hefur aðallega verið að skoða ástæðurnar á bak við af hverju ungt fólk gengur til liðs við samtökin og hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé vegna ævintýramennsku, ekki vegna Kóransins eða annarra trúarkenninga. Atran heldur því einnig fram að þeir Vesturlandabúar sem ganga til liðs við Íslamska ríkið eru oftast en ekki á umskiptatímabili, til dæmis innflytjendur, námsmenn, og þeir sem eru í mikilli óvissu hvað atvinnu og framtíð varðar. Það unga fólk sem ákveður að ganga til liðs við Íslamska ríkið, hefur allt sameiginlega þörf fyrir að eignast nýja vini og kunningja sem einnig eru í leit af tilgang og mikilvægi lífsins (Atran, 2015a). Langflestir sem yfirgefa heimaland sitt til þess að ganga til liðs við Íslamska ríkið, ferðast í gegnum landamæri Tyrklands en þau eru talin auðveld leið þar sem öryggisgæslan þykir ekki nógu mikil (Atwan, 2015).

Í Bandaríkjunum er herstöð sem nefnist West Point, og hefur hún það hlutverk að berjast gegn hryðjuverkum. Herstöðin hefur haldið utan um og skrásett hjá sér tölfræðilegar upplýsingar í sambandi við hryðjuverkaárásir. Þessar upplýsingar sýna að meðalaldur liðsmanna Íslamska ríkisins er 25 ár og 80% af þeim koma af heimilum þar sem trú skiptir litlu sem engu máli (Atran, 2015a).

Þannig að þeir liðsmenn sem koma af þeim heimilum eru oftast nær ekki með neina trúarlega menntun og endurfæðast því í gegnum róttæka trú. Algengast er að liðsmenn gangi til liðs við Íslamska ríkið með vinum eða kunningjum, aðrir gera það með fjölskyldumeðlimum og enn aðrir fara sínar eigin leiðir til dæmis með því að fara á samkomur, eða með notkun veraldavefsins (Atran og Hamid, 2015).

Það fólk sem ákveður að ganga til liðs við Íslamska ríkið er oft talið vera útundan í samfélaginu á einhvern hátt. Það geta til dæmis verið einfarar, þeir sem hafa orðið fyrir fordómum vegna húðlits eða trúarskoðana, sem og aðrir sem hafa séð fjölskyldumeðlimi, mæður eða systur verða fyrir fordómum vegna t.d. slæðunotkunar (*a. hijab*). Þess má geta að Frakkland hefur sett bann við notkun slæðna á opinberum stöðum (Atran, 2015a).

Hugmyndafræði Íslamska ríkisins felst í því að hafna öllu því sem telst til vestrænna hefða og gilda, þar á meðal því sem snýr að frjálsræði og lýðræði. Í bók Atwan (2015) kemur fram að þær hugmyndir sem ungt fólk hefur um samtökin og dregur það að þeim eru hollusta við að tilheyra ákveðnum hóp og almenn íslamófóbía í garð múslíma á Vesturlöndum. Þessi tvö atriði hafa gert það að verkum að fólk samsamar sig við hvert annað, hefur sameiginleg markmið og öðlast aukið sjálfstraust við það að ganga til liðs við Íslamska ríkið.

Síðustu 40 ár eða rúmlega það hafa mannfræðingarnir Lindisfarne og Neale (2015) lagt stund á málefni Miðausturlanda, með áherslu á annars vegar stjórnmal og hins vegar ójöfnuð. Í þeirra huga er ójöfnuður helsti orsakavaldur vandræða í Miðausturlöndum, þar sem barátta tveggja ólíkra hópa er höfð í hávegum, valdastétt og undirokaðra, 1 prósent á móti 99 prósentum. Lindisfarne og Neale (2015) hafa verið að skoða Íslamska ríkið og rannsakað ástæðurnar á bakvið það af hverju fólk ákveður að ganga til liðs við samtökin líkt og Scott Atran hefur einnig gert. Samkvæmt þeim hafa að minnsta kosti 30.000 manns, bæði karlar og konur, farið langleiðina til Sírylands með þeim tilgangi að ganga til liðs við samtökin. Stór hluti þess hóps kemur frá Evrópu.

Lindisfarne og Neale (2015) segja ástæðurnar liggja í augum uppi þar sem mikill meirihluti liðsmanna Íslamska ríkisins hefur síðustu fjórtán ár orðið vitni að stöðugum og blóðugum átökum í sínum heimalöndum. Þau telja að innrás Bandaríkjamanna inn í Írak hafi komið öllu á stað, allri þeirri ringulreið sem á sér stað á þessu svæði í dag. Í Evrópu hafa innlend áhrif samdráttar og sparnaðar aukið ójöfnuð og orðið kveikjan að miskunnarleysi valdastéttarinnar, samhliða því hefur íslamófóbía stóraukist og farið sívaxandi. Lindisfarne og Neale (2015) telja að Íslamska ríkið sé afurð deilna og reglna og halda því jafnframt fram að ef loftárásir Bandaríkjamanna halda áfram þá muni skipting súnní og síja aukast enn frekar, sem og skapa meiri ringulreið.

3.2 Hvers vegna?

Hvað er það við Íslamska ríkið sem fær allt þetta unga fólk til þess að flytja þvert yfir landamæri til þess að ganga til liðs við það? Eins og Atran (2015c) sagði í ræðu sinni á þingi Sameinuðu Þjóðanna, að þá er ein aðal ástæðan ævintýramennska sem og þörfin fyrir að fórn sjálfum sér í átökum. Atran hóf tiltekna ræðu á því að segja stuttlega frá sínum rannsóknum og hver tilgangur þeirra væri. Atran vill með sínum rannsóknum draga úr ofbeldi á milli manna, með það að sjónarmiði að skoða hegðun og hugsanir fólks á hlutlausan og nærgætinn hátt. Í ræðunni útlistaði hann nokkur atriði sem gætu komið í veg fyrir að ungt fólk myndi leiðast út á þessa braut, í þessu tilfelli hryðjuverkastarfsemi. Allir þeir vígamenn sem Atran hefur náð tali af eru einungis með grunnskólamenntun, sumir þeirra eiga eiginkonur og börn en aðrir ekki. Þeir vita ekkert um íslam né Kóraninn, heldur eru þeir heilapvegnir af róttækum og öfgafullum hópum líkt og Íslamska ríkinu.

Eins og áður kom fram þá eru flestir sem ganga til liðs við slíka hópa ungt fólk á krossgötum og í leit af mikilvægi lífsins. Með auknum fólksflutningum sem og hnattvæðingu hefur það orðið til þess að útlendingahatur er orðið meira og sýnilegra í heiminum. Atran kom með dæmi um slíkt í ræðu sinni og sagði frá ungri múslímskri konu sem fannst hún hvorki tilheyra aröbum né Frökkum, heldur fannst henni hún vera útundan og ekki tilheyra neinum hópi. Tiltekin kona sagðist vera hlynnt því að stofna Kalífat, þar sem múslímar geta lifað í sátt og samlyndi án fordóma annarra. Atran hefur því komist að þeirri niðurstöðu að ungt fólk gerist róttækt vegna þess að þrá þeirra og vilji snýst um stöðuga sjálfsmynd, í veröld þar sem allt er klippt og skorið. Eins og áður sagði þá setti Atran fram þrjú atriði sem gætu komið í veg fyrir að ungt fólk leiddist út á þessa braut, í fyrsta lagi felst það í að bjóða ungu fólki eitthvað sem það dreymir um og veitir þeim tilgang með bæði með erfiði og fórn. Í öðru lagi snýr það að persónulegum draumum með áþreifanlegri uppfyllingu þeirra, og þriðja lagi stuðla að frumkvæði ungs fólks (Atran, 2015c).

3.3 Hlutur tækninörda – stafræn hnattvæðing

Eins og við vitum flest öll þá er ógrynni af upplýsingum til á netinu og langflestir hafa aðgang að því. Á netinu kemst maður í samband við fólk sem maður hefði aldrei komist öðruvísi í kynni við, og þar finna einstaklingar aðra sem hafa sömu áhugamál og eru í leit að sama tilgang. Netíð getur haft áhrif á hugsun og líf okkar, sumir notast á við netíð til að fræðast,

aðrir til skemmtunar á meðan enn aðrir ganga skrefinu lengra og nota það í öðrum tilgangi. Sá tilgangur gæti meðal annars verið að afla sér upplýsingar um gerð og notkun vopna, sprengjugerðar og annarra róttækra aðgerða.

Dr. Gary Bunt (2009) hefur frá árinu 1997 rannsakað íslam og múslíma, sem og netnotkun þeirra, þar á meðal samfélagsmiðla og blogg síður. Bunt hefur komist að því að heimur múslíma hefur tekið stakkaskiptum síðustu ár, og þar spilar netið stórt hlutverk. Áður fyrr fóru múslímar í moskur og á samkomur til að leita svara við spurningum sem á þeim brunnu. Í dag er þó öðruvísi farið, nú þarf fólk ekki lengur að fara út fyrir heimili sín þar sem allar upplýsingar og svör er að finna á netinu. Við þekkjum öll samfélagsmiðla líkt og Myspace og Youtube, en múslímar hafa búið til síður svipaðar þessum en þær eru aðeins ætlaðar þeim. Hjá þeim heita þessar síður nú Muslimspace og IslamicTube (Bunt, 2009).

Í dag hafa flest öll Evrópuríki tekið upp hert eftirlit á sínum landamærum vegna mikils straums flóttamanna frá stríðsþjáðum svæðum undanfarin ár, þar á meðal frá Sílandi. Á meðan þessar þjóðir vinna hörðum höndum við það að reisa girðingar og annarskonar múra til varnar því að flóttamenn komist á milli landa, þá er það nútímatæknin sem vinnur gegn vilja Evrópuríkja til að fyrirbyggja þessa þróun. Á internetinu er mikill fjöldi upplýsinga sem gerir fólki kleift að miðla sín á milli og þar gegna samfélagsmiðlar miklu hlutverki. Það þykir ljóst að vefurinn og þeir samfélagsmiðlar sem finna má þar eru sem opnir vegir fyrir boðun þess sem öfgamenn halda uppi á Vesturlöndum, hvort sem þeir gera það í nafni trúar eða stjórnmalaskoðunar.

Íslamska ríkið hefur náð góðum tókum á öllum þeim möguleikum sem nútímatækni býður upp á. Samtökin gefa meðal annars út mánaðarlegt veftímarit og einnig setja þau reglulega inn áróðursmyndbönd á vefinn með þeim tilgangi að miðla hatursáróðri og ofbeldisdýrkun með það markmið að ná til ungs fólks. Samtökin nota ekki einungis vefinn til þess að koma sinni hugmyndafræði og áróðri áleiðis, heldur er vefurinn einnig notaður til þess að leita uppi, skrá og eiga í samskiptum við nýja liðsmenn sem hafa í hyggju á að ganga til liðs við þá (al-Ubaydi, Lahoud, Milton og Price, 2014).

Abdel Bari Atwan er palestínskur rithöfundur og fréttamaður sem hefur mikla þekkingu á málefnum Miðausturlanda og hefur meðal annars rannsakað Al Kaída samtökin. Atwan gaf út bók í fyrra sem nefnist hið Stafræna Kalífat (*e. Digital Caliphate*), en þar fjallar hann um Íslamska ríkið eins og það leggur sig, þar á meðal sögu, uppbyggingu, nýliðun og fleira sem

snýr að samtökunum. Atwan (2015, bls. 15-19) heldur því fram að ef það væri ekki fyrir nútíma tækni þá hefði Íslamska ríkið aldrei orðið að því sem það er í dag.

Innan Íslamska ríkisins eru vel flestir tölvuvæddir og sumir þeirra hafa mikla þekkingu á vefhönnun. Til að mynda þá gefa samtökin út mánaðarlegt tímarit, ásamt handbók sem gefin er út á tveggja mánaða fresti og inniheldur hún leiðbeiningar um þjálfun og fróðleik fyrir stríðsmenn ríkisins. Þeir hafa einnig sett upp sína eigin útgáfu af facebook, sem þeir kalla muslimbook, ásamt því að gefa út smáforrit sem færir notendum nýjustu fréttir og helstu upplýsingar um samtökin (Atwan, 2015, bls. 19).

Eins og áður kom fram þá notfæra samtökin sér tæknina til fullnustu, en Íslamska ríkið er þó ekki fyrsti hryðjuverkahópurinn sem notfærir sér vefinn til þess að koma sér og sinni hugmyndafræði á framfæri. Samkvæmt Atwan að þá notfærðu Al Kaída sér sér vefinn til þess að koma sinni hugmyndafræði, upplýsingum, og áformum áleiðis. Aðferð samtakanna til að fá til sín nýja liðsmenn með notkun vefsins er þó frábrugðin Al Kaída þar sem Íslamska ríkið notfærir sér tækninýjungar meira en Al Kaída. Þeir fyrrnefndu búa til myndbönd sem svipar til vinsælla tölvuleikja sem og Hollywood kvikmynda, en þeir síðarnefndu notast við myndavélar til þess að flytja ræður og streyma það á vefinn en það höfðar ekki svo mjög til ungs fólks á 21. öldinni (Atwan, 2015, al-Ubaydi o.fl., 2014).

4. Samanburður við aðra herskúa öfgahópa

4.1 Al Kaída

Er einhver munur á markmiðum og hugmyndafræði Íslamska ríkisins og Al Kaída? Það má segja að Al Kaída sé ákveðin hugmyndafræði frekar en samtök og þannig hefur það lengi verið. Frá árunum 1996-2001 hafði Al Kaída starfandi herlið, aðgang að auðlindum og herbúðir í Afganistan en allt þetta varð að engu eftir að Talíbanar komust til valda. Meginmunur á Íslamska ríkinu og Al Kaída er sá að þeir fyrrnefndu hafa það markmið að stofna ríki, Kalífát, eins og áður kom fram á meðan þeir síðarnefndu vilja fyrst og fremst stöðva vestræn áhrif í þeim löndum sem múslímar eru ráðandi (Cockburn, 2015, bls. 54).

Það sem er frábrugðið við Íslamska ríkið og Al Kaída, er að þeir fyrrnefndu standa fyrir nýrri bylgju stríðsmanna (*e. jihadists*), ólíkt þeim síðarnefndu. Til að mynda beindu Al Kaída spjótum sínum að alþjóðlegum óvinum sínum sem voru á meðal annars Bandaríkjamenn og Ísraelar á meðan Íslamska ríkið einblínir á að þurrka út síja múslíma og þá sem eru viðloðnir ríkisstjórnir Sýrlands og Íraks sem og íranska bandamenn þeirra. Á meðan að Íslamska ríkið hefur yfirráð yfir stórum landssvæðum og býr yfir fleiri en 30.000 stríðsmönnum þá var Al Kaída aðeins lítill hópur í samanburði. Þegar þeir voru ráðandi afl voru stríðsmenn þeirra færri en 3.000 talsins og þeir höfðu ekki yfirráð yfir neinum afmörkuðum landssvæðum (Gerges, 2016).

Leiðtogar þeirra afla sem voru ráðandi á árunum 1970-1990 voru yfirleitt menntaðir menn úr millistétt. Meirihluti liðsmanna Íslamska ríkisins virðast frekar koma frá sveitum heldur en borgum, þeir eru oftast ómenntaðir og koma frá fátækum fjölskyldum. Íslamska ríkið þrífst á meðal þeirra fátæku, í undirokuðum súnní samfélögum. Ólíkt þeim liðsmönnum Íslamska ríkisins sem eiga rætur sínar að rekja til Íraks og Sýrlands og hafa einungis grunnskólamenntun, líkt og kom fram í ræðu Scott Atran á þingi Sameinuðu þjóðanna, þá hafa erlendu liðsmenn þeirra oftast nær háskólamenntun og koma úr millistétt sinna landa (Gerges, 2016).

4.2 Boko Haram

Þau samtök sem eru talin líkjast hvað mest Íslamska ríkinu og eru í dag orðin partur af því er Boko Haram sem er íslamskur uppreisnarhópur í Nígeríu og hefur starfað frá árinu 2002 en upphaf þessa hóps má rekja til aktivistans Muhammad Yusuf. Boko Haram hefur verið þýtt sem „vestræn menntun er synd“. Samtökin voru ekki öflug í byrjun heldur voru þau einungis starfandi með það að markmiði að reka trúarskóla þar í landi. Á meðan á þessu stóð voru fylgismenn Yusuf byrjaðir að safna vopnum og fremja ódæðisverk í nafni samtakanna og talið var að hópurinn væri að undirbúa uppreisn gegn ríkisstjórninni. Þrátt fyrir viðvaranir veittu yfirvöld því ekki mikla athygli (Voll, 2015). Eftir dauða Yusuf, árið 2009, tók undirmaður hans Abubakar Shekau við og undir hans leiðsögn varð hópurinn herskár. Abubakar Shekau sór eyð við al-Baghdadi árið 2015 þess efnis að Boko Haram væri orðið hluti af alþjóðaneti Íslamska ríkisins. Þessir tveir hópar eiga meira sameiginlegt en ekki. Báðir leggja þeir áherslu á að ná til sín landsvæðum sem þeir vilja stjórna með sjaría lögum, nota samfélagsmiðla til þess að markaðssetja sig og fá til sín nýja liðsmenn sem þeir síðan vilja gera að róttækum og öfgafullum stríðsmönnum. Hugmyndafræði og fjármögnun Boko Haram svipar til þess sem Íslamska ríkið fæst við, meðal annars með mannránnum og lausnargjöldum, sem og smygli (Voll, 2015).

4.3 Aðskilnaðarhreyfing Baska (ETA)

Andspyrnuhreyfingar af þessu tagi hafa ekki tengst eingöngu við Miðausturlönd eða íslam heldur voru þær ekki óþekktar í Evrópu fyrir ekki svo löngu síðan. Aðskilnaðarhreyfing Baska (ETA) var stofnuð árið 1958, af ungum þjóðernissinum sem börðust fyrir sjálfstæði Baskalands en landið var undir stjórn Spánverja. Sjálfstæðisbaráttan vatt upp á sig og hóf hryðjuverkastarfssemi árið 1961 (Zabalo og Saratxo, 2015). Ef gera á samanburð á Íslamska ríkinu og Aðskilnaðarhreyfingu Baska kemur í ljós að munur er á. Fyrir það fyrsta þá vinna meðlimir þess síðarnefnda ekki í nafni trúarinnar auk þess sem þeir vilja að mestu leyti losa sig við háttsetta menn, til dæmis stjórnámálamenn, dómara, lögreglumenn og hermenn á meðan Íslamska ríkið vill drepa alla nema súnni múslíma. Aðskilnaðarhreyfingin hafði ekki yfir stóru landssvæði að ráða og þau hryðjuverk sem þeir frömdu voru mest í formi bílasprenginga. Þó er það eitt sem er hægt að segja að sé líkt með þessum tveimur samtökum en það er hvernig þau fjármagna sig en þau stunda bæði mannrán, þjófnað og

leggja skatt á fyrirtæki og óbreytta borgara. Einnig er það svo að hundruðir saklausra borgara hafa legið í valnum eftir árásir sem þessir hópar hafa gert (Sullivan, 1999).

4.4 Rauðu Khmerarnir

Khmer Rouge eða Rauðu Khmerarnir var andspyrnuhreyfing sem Pol Pot stofnaði í Kambódíu og var starfandi á árunum 1962-1999. Andspyrnuhreyfinguna stofnaði hann eftir að hafa sætt ofsóknum frá prinsinum þar í landi og hann vildi hefnd. Þann 17. apríl árið 1975 réðust Rauðu Khmerarnir inn í höfuðborg Kambódíu, Phom Penh, og yfirtóku hana. Í kjölfarið á þessari innrás í borgina hófst mikið blóðbað og fjöldi óbreyttra borgara lét lífið (Kiernan, 2002). Það sem Pol Pot vildi var að afmá alla vestræna menningu í landinu, eyða öllu borgarlífi, drepa alla þá sem höfðu menntun að baki, útrýma kapitalisma og öll trúarbrögð voru á bannlista. Á árunum 1975-1979 er talið að Rauðu Khmerarnir hafi pyntað, svelt og drepið allt að 1.7 milljónir manna. Íslamska ríkið og Rauðu Khmerarnir eiga margt sameiginlegt fyrir utan miskunnarlaus dráp á almennum borgurum. Báðir hóparnir hafa lagt mikla áherslu á að þurrka allt út sem tengist vestrænni menningu, ásamt því að þúsundir manna hafa þurft að flýja heimili sín vegna óeirðra (Kiernan, 2002).

4.5 Framtíð IS

Íslamska ríkið á sér fyrirmyndir og forvera. Samtökin eru hluti af hreyfingum sem hafa alla tíð verið til og fyrir því eru ástæður og orsakir. Hópar líkt og Íslamska ríkið og þeir sem nefndir voru hér að ofan eru skilgreindir sem pólitískar andspyrnuhreyfingar. Þessir hópar eiga það sameiginlegt að allir nota þeir ofbeldi til að fá sínu fram. Þeir berjast gegn ríkisvaldi eða gegn öðrum þjóðríkjum og allir hafa þeir sínar ástæður. Oftast er um að ræða hefnd. Hefndin getur til dæmis verið í þeirri mynd sem átti sér stað í Frakklandi árið 2015. Frakkar hótuðu að ráðast á Íslamska ríkið og fengu hótun frá samtökunum á móti. Yfirvöld í Frakklandi hlustu ekki á hótunina sem þeir fengu tilbaka og svo fór að Íslamska ríkið gerði hryðjuverkaárás í París þann 13. nóvember árið 2015 (Gerges, 2016).

Íslamska ríkið er ekki ósigrandi en það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að til þess að hryðjuverkasamtök láti undan er að tala saman og búa til staðfast pólitísk kerfi. Sprengjur og árásir bæta ekki neitt. Íslamska ríkið varð ekki til á einum degi, samtökin eru afleiðing af áratuga einræði, mislukkuðum stjórnarháttum og fátækt. Allt þetta varð enn verra með afskiptum útlendinga og harmleik Palestínnumanna. Á þessari stundu er Íslamska ríkið vaxandi

afl. Samtökin eru afurð þeirrar pólitísku og félagslegu óreiðu sem ríkt hefur í Miðausturlöndum (Gerges, 2016).

Samtökin kjósa frekar að nota hugmyndir frá fræðimönnum fyrri tíma og byggja formlegu stefnuýfirlýsingu sína á því. Það er líkt og Íslamska ríkið hugsar ekki til langs tíma með atriði líkt og þessum því stríð og árásir eru það sem skipta mestu máli (Gerges, 2016).

Íslamska ríkið er æskuhreyfing. Með öðrum orðum þá leggja samtökin áherslu á stríðsgerð en ekki á von eða tækifæri fyrir betri framtíð. Samtökin leggja áherslu á að reisa ríki og standa fast á fullyrðingum sínum um það. Hversu lengi Íslamska ríkið mun halda áfram og hvað framtíð þess varðar er undir hugmyndafræði þess og hernaðarlegri getu komið. Liðsmenn samtakanna trúa því staðfastlega að þeir séu að búa til Kalífaríki og með það að vopni eru þeir óttalausir og sú trú er einn af þeirra helstu styrkleikum. Samheldni og bræðralag liðsmanna Íslamska ríkisins er mikið og þrátt fyrir árásir frá óvininum hafa samtökin staðið það af sér (Gerges, 2016).

Lokaorð

Eins og titill ritgerðarinnar segir til um þá má segja að Íslamska ríkið sé afsprengi stríða, frá tímum innrásar Bandaríkjamanna í Írak árið 2003 sem og stríðinu í Sýrlandi frá árinu 2011. Liðsmenn samtakanna vilja endurreisa heiminn með ofbeldi og gera það með samblandi öfgatrúar og hernaðar. Þegar stríðið í Sýrlandi blossaði upp árið 2011 þá notfærðu öfgamenn sér tækifærið og fundu nýjan vígvöll þar sem þeir gátu barist og blómstrað óáreittir (Cockburn, 2015, Hashim, 2014). Líkt og nafnið á samtökunum, Íslamska ríkið, gefur til kynna þá vill það láta viðurkenna sig sem ríki. Mjög margt innan Íslamska ríkisins svipar einmitt til ríkis en það er ekki nóg að yfirtaka svæði og ákveða að þar skuli vera ríki.

Að mörgu leyti er hægt að skilja þá skoðun sem róttækir og öfgafullir íslamistar hafa á Vesturlöndum. Í marga áratugi hefur austrið orðið fyrir barðinu frá vestrinu þar sem „við“ Vesturlandabúar teljum að allt sé miklu betra hér en hjá „hinum“ í austrinu. Þessu viðhorfi vilja róttækir og öfgafullir íslamistar breyta en þó hafa þeir farið langt að þar sem morð og pyntingar á saklausum borgurum eiga aldrei rétt á sér, sama hvar í heiminum. Á bakvið aftökur Íslamska ríkisins sem við höfum séð í fjölmiðlum undanfarin ár eru undirliggjandi táknað skilaboð sem beinast að Bandaríkjunum. Þau vestrænu fórnarlömb sem hafa orðið fyrir barðinu á samtökunum hafa flest öll átt það sameiginlegt að vera klædd í appelsínugula heilgalla líkt og þeir múslímar sem urðu fyrir ofbeldi að hálfu Bandaríkjamanna í Guantamano fangelsinu. Í skilaboðunum er því beint að ríkisstjórn Bandaríkjanna að hún sé því ábyrg fyrir aftökum fórnarlamba Íslamska ríkisins (Atwan, 2015). Við teljum að í skilaboðunum felist þar með hefnd fyrir það sem múslímar hafa mátt þola af hálfu Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra.

Eins og fram hefur komið í ritgerðinni þá er ekki hægt að segja til um hvort og hverjir það eru sem ganga til lið við Íslamska ríkið. Liðsmenn þess koma úr hinum ýmsu áttum og með ólíka sögu og bakgrunn, en þó reyna þeir hvað mest að höfða til vestrænna kandiðata og njóta vinsælda á meðal ungs fólks. Íslamska ríkið gerir það með markaðssetningu sem er fullkomlega stíluð á Vesturlönd. Markaðssetningin felst helst í því að nefna samtökin ISIS en það eykur meðal annars íslamófóbíu og það er einmitt það sem samtökin vilja.

Ákveðin þversögn er í því að Bandaríkin og Sádi Arabía eiga í nánú samstarfi þar sem Bandaríkjamenn hafa litið framhjá þeirri staðreynd að Sádi Arabía er það land sem helst styður við bakið á ofstækismönnum. Samkvæmt Atwan (2015) hefur Sádi Arabía fjármagnað

málstað Wahhabisma um allan heim fyrir um 50 milljarða bandaríkja dollara auk þess sem einstaklingar og aðrar stofnanir í landinu hafa gefið fé til ýmissa ofstækishópa.

Eftir hryðjuverkaárásirnar á Tvíbúraturnanna þann 11. september 2001 lýsti George W. Bush þáverandi forseti Bandaríkjanna yfir stríði gegn hryðjuverkum (*e. war on terror*). Cockburn segir í bók sinni að stríðið gegn hryðjuverkum hafi mistekist þar sem því var ekki beint í rétta átt. Sádi Arabía og Pakistan hefðu átt að vera skotmörk Bandaríkjamanna en ekki Írak og Afganistan. Ástæða þess að svo var ekki liggur í vinskap og mikilvægum viðskiptum þeirra fyrrnefndu við Bandaríkin (Cockburn, 2015, bls. 58).

Múslíma má finna út um allan heim líkt og kristna menn og gyðinga. Múslímar eru eins fjölbreyttir og þeir eru margir, og tilheyra mismunandi trúarhópum innan íslam. Líkt og áður hefur komið fram þá líta liðsmenn Íslamska ríkisins á síja múslíma sem trúleysingja líkt og aðra sem aðhyllast önnur trúarbrögð. Eins og við höfum reynt að sýna fram á í ritgerðinni þá er hópur líkt og Íslamska ríkið sem starfar í nafni trúarinnar róttækir og öfgafullir menn. Liðsmenn samtakanna vita því oft en ekki neitt um Kóraninn en taka það sem þar er skrifað og túlka og réttlæta það með sinn hag að leiðarljósi. Það er því ekki hægt að alhæfa þegar kemur að hryðjuverkahópum líkt og Íslamska ríkinu. Það eru ekki einungis múslímar sem eru hryðjuverkamenn, til að mynda eru kristnir menn stórt hlutfall hryðjuverkamanna í dag. Þessir kristnu menn eru til dæmis þeir sem hafa gengið til liðs við Íslamska ríkið eða jafnvel þeir sem starfa í bandaríska hernum.

Flest það efni sem ritgerðin byggir á er tiltölulega nýtt og umfjöllunum um Íslamska ríkið getur verið fljót að breytast. Íslamska ríkið og uppgangur þess hefur haft áhrif á heiminn allann og mun halda áfram. Erfitt er að spá fyrir um framtíð og næstu skref samtakanna. Eitt er þó á hreinu og það er að Íslamska ríkið mun halda áfram að stækka. Stuðningur við samtökin fer vaxandi og vilji fólk ganga til liðs við Íslamska ríkið þá finnur það leið til þess þrátt fyrir hertar öryggisreglur, landamæraeftirlit og þær forvarnir sem eru í gangi. Það er mikið af ungu fólki sem upplifir sig utangátta í nútímasamfélagi og þar sem samfélags- og fjölmiðlar spila stórt hlutverk þá finnur Íslamska ríkið leiðina til þeirra.

Á meðan að fjölmiðlar halda áfram að skrifa fréttir sínar og þann hræðsluáróður sem því fylgir heldur Íslamska ríkið áfram starfi sínu. Þeir vilja að almenningur sé hræddur og þeir vilja að allir tali um samtökin á þann hátt að hræðslan smiti út frá sér. Meðlimum

samtakanna er alveg sama þótt Vesturlandabúum finnist sem allir hryðjuverkamenn séu múslímar. Íslamófóbía hjálpar Íslamska ríkinu og markaðssetning þeirra virkar.

Við viljum taka það fram að með skrifum okkar á þessu málefni styðjum við alls ekki hryðjuverkaárásir. Við vildum einungis sýna fram á ástæðurnar fyrir því af hverju Íslamska ríkið framkvæmir árásir á þennan hræðilega hátt. Eins og kom fram í inngangi ritgerðarinnar vissum við að það væru tvær hliðar á málinu og vildum skoða þær báðar. Við höfum einnig séð að hefndin getur verið slæm og verði ekkert gert þá enda árásirnar aldrei.

Þegar efni ritgerðarinnar var ákveðið, ráku fjölskylda og vinir upp stór augu og áttu ekki til orð. Spurningar líkt og „gátu þið ekki fundið eitthvað annað? Af hverju hafið þið áhuga á þessu? Eru ekki allir múslímar hryðjuverkamenn?“ fengum við oft að heyra. Í okkar hug er svarið augljóst, svarið er nei það eru ekki allir múslímar hryðjuverkamenn, aðeins lítil hluti af öllum múslímum í heiminum aðhyllast málstað Íslamska ríkisins.

Heimildaskrá

al-Ubaydi, M., Lahoud, N., Milton, D. og Price, B. (2014, 16. desember). The group that calls itself a state: understanding the evolution and challenges of the islamic state. *The Combating Terrorism Center at West Point*. Sótt 1. maí 2016 af <https://www.ctc.usma.edu/posts/the-group-that-calls-itself-a-state-understanding-the-evolution-and-challenges-of-the-islamic-state>

Asad, T. (2007). *On suicide bombing*. New York: Columbia University Press.

Asad, T. (2010). Thinking about terrorism and just war. *Cambridge Review of International Affairs*, 23(1), bls. 3-24. Sótt 1. maí 2016 af <http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/09557570902956580>

Atran, S. (2015c, 25. apríl). *Here's what the social science says about countering violent extremism*. Sótt 1. maí 2016 af http://www.huffingtonpost.com/scott-atran/violent-extremism-social-science_b_7142604.html

Atran, S. (2015b, 15. nóvember). Mindless terrorists? The truth about isis is much worse. *The Guardian*. Sótt 1. maí 2016 af <http://www.theguardian.com/commentisfree/2015/nov/15/terrorists-isis>

Atran, S. (2015a, 15. desember). ISIS is a revolution. *Aeon*. Sótt 1. maí 2016 af <https://aeon.co/essays/why-isis-has-the-potential-to-be-a-world-altering-revolution>

Atran, S. og N, Hamid. (2015, 16. nóvember). Paris: The war ISIS wants. *The New York review of Books*. Sótt 1. maí 2016 af <http://www.nybooks.com/daily/2015/11/16/paris-attacks-isis-strategy-chaos/>

- Atwan, A. B. (2015). *Islamic State; the digital caliphate*. Oakland: University of California Press.
- Bassiouni, M. C. (2002). Is jihad a just war? war, peace and human rights under islamic and public international law. *The American Journal of International Law*, 96(4), bls. 1000-1005. Sótt 1. maí 2016 af <http://search.proquest.com/docview/201134060?OpenUrlRefId=info:xri/sid:primo&accountid=135943>
- Barnard, A. (2000). *History and theory in anthropology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bowen, J. R. (2003). *Islam, law and equality in indonesia; an anthropology of public reasoning*. United Kingdom: Cambridge University Press.
- Bunt, G. R. (2009). *IMuslims: Rewiring the house of islam*. Chapel Hill: University of North Carolina Press.
- Cockburn, P. (2015). *The rise of Islamic State: ISIS and the new sunni revolution*. London: Verso.
- Cole, J. (2013). Terrorism and the other religions. *The Washington report on Middle East affairs*, 32(5), 11-33. Sótt 1. maí 2016 af http://search.proquest.com/docview/1435378588?rfr_id=info%3Axri%2Fsid%3Aprimo
- Eriksen, T. H. (2001). *Small places, large issues. An introduction to social and cultural anthropology*. London: Pluto press.
- Eriksen, T. H. (2010a). *Ethnicity and nationalism*. London: Pluto Press.

- Eriksen, T. H. (2010b). The challenges of anthropology. *International journal pluralism and economics education*, 1(3), 194-202. Sótt 1. maí 2016 af www.hyllanderiksen.net/Challenges.pdf
- Gerges, F. A. (2016). *ISIS: A history*. New Jersey: Princeton University Press.
- Gunaratna, R. (2005). Al Qaeda's ideology. Sótt 1. Maí 2016 af http://search.proquest.com/docview/1437301989?rfr_id=info%3Axri%2Fsid%3Aprimo
- Hashim, A, S. (2014). The Islamic state: From al-qaeda affillate to caliphate. *Middle East Policy*, 21(4), sótt 1. maí 2016 af <http://web.a.ebscohost.com/ehost/detail/detail?sid=51c0c514-d666-4a5e-a58b-f2faf3cdc342%40sessionmgr4005&vid=0&hid=4212&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#AN=99853328&db=aph>
- Hutchinson, J. og Smith, A.D. (ritstjórar). (1994). *Nationalism*. Oxford: Oxford University Press.
- Kiernan, B. (2002). Introduction: Conflict in Cambodia, 1945-2002. *Critical Asian Studies*, 34(4), 483-495. Sótt 1. maí 2016 af <http://web.b.ebscohost.com/ehost/detail/detail?sid=56c78420-9baa-4a39-be5e-ae36f6b4d952%40sessionmgr104&vid=0&hid=125&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d&preview=false>
- Kristín Loftsdóttir. (2003). Menning, trúarbrögð og hefðir: Kynjaðar orðræður um tvo þriðju hluta heimsins. Í Einar Sigurbjörnsson (ritstjóri), *Ritröð Guðfræðistofnunar - Studia theologica islandica*, bls. 75-89.

- Kristján Þór Sigurðsson. (2014). Moskuálið 2013: Ótti og andúð gegn byggingu mosku. Í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijstra (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XV: félags- og mannvísindadeild*, (bls. 1-10). Reykjavík: Félagsstofnun Háskóla Íslands.
- Lindisfarne, N. og Neale, J. (2015). *Oil empires and resistance in Afghanistan, Iraq and Syria*. Sótt 1. maí 2016 af [http://www.academia.edu/18629517/Oil Empires and Resistance in Afghanistan Iraq and Syria](http://www.academia.edu/18629517/Oil_Empires_and_Resistance_in_Afghanistan_Iraq_and_Syria)
- Magnús Þorkell Bernharðsson. (2001). Af hverju hata þau okkur? Í Auður Jónsdóttir og Óttar Martin Norðfjörð (ritstjórar), *Íslam með afslætti* (bls. 8-23). Reykjavík: Nýhil.
- Magnús Þorkell Bernharðsson. (2005). *Píslarvottar nútímans. Samspil trúar og stjórnmála í Írak og Íran*. Reykjavík: Mál og menning.
- Marranci, G. (2008). *The anthropology of Islam*. Oxford: Berg publishers.
- McGee, R. J. og Warm, R. L. (2008). *Anthropological theory: An introductory history* (4. útgáfa). New York: McGraw - Hill.
- Morris, B. (2006). *Religion and anthropology; a critical introduction*. New York: Cambridge University Press.
- Mozaffari, M. (2005). Bin Laden, islamism, and terrorism. *Society*, 42(5), 34. Sótt 1. maí 2016 af <http://web.b.ebscohost.com/ehost/detail/detail?sid=142ccd6c-2ce3-4c39-9f6a-c0fd75f85636%40sessionmgr198&vid=0&hid=128&bdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=f5h&AN=17121714>

- Newell, W, R. (2015, 30. júní). Understanding tyranny and terror: from the french revolution to modern islamism. *The Heritage Foundation*. Sótt 1. maí 2016 af <http://www.heritage.org/research/reports/2015/06/understanding-tyranny-and-terror-from-the-french-revolution-to-modern-islamism>
- Nigosian, S.A. (2008). *World religions; A historical approach* (4.útgáfa). Boston: Bedford/St. Martin.
- Said, E. (1978). *Orientalism*. New York: Vintage Books.
- Sayyid, S. (2014). A measure of Islamophobia. *The Islamophobic Studies Journal*, 2(1), 10-25. Sótt 1. maí 2016 af <http://crg.berkeley.edu/sites/default/files/Measure-SSayyid.pdf>
- Shabbas, A. (2002). Understanding and applying the islamic concept of jihad. *Social Studies Review* 42(1), bls. 52. Sótt 1. maí 2016 af http://search.proquest.com/docview/199572038?rfr_id=info%3Axri%2Fsid%3Aprimo
- Snara. (e.d.). Sótt 1. maí 2016 af <https://snara.is/>
- Stern, J. og Berger, J. M. (2015). *ISIS: The state of terror*. New York: HarperCollins Publishers.
- Sullivan, J. (1999). Forty years of ETA. *History Today*, 49(4), 34-35. Sótt 1. maí 2016 af <http://search.proquest.com/docview/202814284?accountid=135940>
- The Intelligence and Terrorism Information Center. (2014, nóvember). *ISIS: portrait of a jihadi terrorist organization*. Sótt 1. maí 2016 af <http://www.terrorism-info.org.il/en/article/20733>
- Townshend, C. (2002). *Terrorism; a very short introduction*. New York: Oxford University Press.

- Voll, J. O. (2015). Boko haram: religion and violence in the 21st century. *Religions*, 6(4), 1182–1202. Sótt 1. maí 2016 af <http://www.mdpi.com/2077-1444/6/4/1182>
- Zabalo, J. og Saratxo, M. (2015). ETA ceasefire: Armed struggle vs. political practice in Basque nationalism. *Ethnicities*, 15(3), 362-384. Sótt 1. maí 2016 af <http://etn.sagepub.com/content/15/3/362.abstract>
- Pórhallur Heimisson. (2005). *Hin mörgu andlit trúarbragðanna: trúarhreyfingar, leynireglur og nýjar trúarhugmyndir*. Reykjavík: Salka.
- Pórhallur Heimisson. (2008). Eru allir múslímar eins? Í Auður Jónsdóttir og Óttar Martin Norðfjörð (ritstjórar), *Íslam með afslætti* (bls. 43-53). Reykjavík: Nýhil.
- Werbner, P. (2005). Islamophobia: Incitement to religious hatred - legislation for a new fear? *Anthropology Today*, 21(1), 5-9. Sótt 1. maí 2016 af <http://web.a.ebscohost.com/ehost/detail/detail?sid=b9a6f58a-459a-4cf5-94b9-74fe1c022f27%40sessionmgr4003&vid=0&hid=4109&bdata=JnNpdGU9ZWWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d&preview=false#AN=15998931&db=aph>